



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun PFS nr. 15/2011 varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans hf. fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstu almennu talsímaneti

(markaðir 8-10)

Maí 2011

EFNISYFIRLIT

Bls.

1	Samantekt	4
2	Málsatvik.....	6
2.1	Ákvörðun PFS nr. 29/2008.....	6
2.2	Upphafleg kostnaðargreining Símans.....	9
2.3	Boðunarbréf um fyrirhugaða ákvörðun PFS	11
2.4	Endurskoðuð kostnaðargreining og andmæli Símans	13
3	Forsendur og niðurstöður	16
3.1	Afstaða PFS - Inngangur	16
3.2	Upphafleg kostnaðargreining Símans - Stofn fjárfestinga og líftími.....	17
3.3	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Stofn fjárfestinga og líftími.....	18
3.4	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Stofn fjárfestinga og líftími	21
3.5	Afstaða PFS – Stofn fjárfestinga og líftími	22
3.6	Upphafleg kostnaðargreining Símans - Rekstrarkostnaður	23
3.7	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Rekstrarkostnaður	24
3.8	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Rekstrarkostnaður.....	24
3.9	Afstaða PFS – Rekstrarkostnaður.....	25
3.10	Upphafleg kostnaðargreining Símans - Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar	26
3.11	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar	29
3.12	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar	30
3.13	Afstaða PFS – Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar.....	30
3.14	Upphaflega kostnaðargreining Símans – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)	30
3.15	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC).....	30
3.16	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)	35
3.17	Afstaða PFS – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)	35
3.18	Upphafleg kostnaðargreining Símans – Veltufjárbinding	35



3.19	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Veltufjárbinding	35
3.20	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Veltufjárbinding	35
3.21	Afstaða PFS – Veltufjárbinding	35
4	Samandregin niðurstaða	37
4.1	Upphafleg kostnaðargreining Símans – Niðurstaða	37
4.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Niðurstaða	38
4.3	Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Niðurstaða	48
4.4	Afstaða PFS - Niðurstaða	49

1 Samantekt

Síminn hf. (hér eftir Síminn) hefur, samkvæmt tilmælum Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) og í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar nr. 29/2008, lagt fram kostnaðargreiningu á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í talsímaneti sínu, sem unnin var í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Analysys Mason (hér eftir AM). AM hefur útbúið kostnaðarlíkan sem heildsölugjaldskrá Símans byggir á og tekur mið af sögulegum kostnaði Símans sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (HC FAC¹). Síminn endurskoðaði kostnaðarlíkanið í kjölfar boðunarbréfs PFS um fyrirhugaða ákvörðun og sendi stofnunni þann 19. apríl sl. Niðurstaða endurskoðaðrar kostnaðargreiningar Símans felur í sér hækkun á heildsölutekjum vegna upphafs og lúkningar í talsímaneti fyrirtækisins sem nemur rúmlega 40% á ársgrundvelli, en núverandi verð hafa verið óbreytt frá árinu 2000.

Í boðunarbréfi PFS um fyrirhugaða ákvörðun gerði stofnunin athugasemdir við ýmsa þætti í upphaflegu kostnaðargreiningunni sem höfðu veigamikil áhrif á niðurstöðu um mat á stofni fjárfestinga, kostnaði vegna afskrifta og fjármagnskostnaðar o.fl. PFS taldi ekki raunhæft að stofn fjárfestingar í talsímaneti fyrirtækisins byggji á sögulegum kostnaði úr bókhaldi Símans, þar sem gögn félagsins voru ófullnægjandi. PFS hugðist samþykkja þá aðferðarfræði sem beitt er við heimfærslu kostnaðar á þjónustur. PFS gerði athugasemdir við óljósar forsendur hvað varðar skiptireglur og álagsstuðla. PFS hugðist nota verðsamanburð (*benchmark*) í stað upphaflegrar kostnaðargreiningar Símans til að ákvarða verð í talsímþjónustu félagsins, í samræmi við heimild stofnunarinnar í lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. PFS hugðist ákvarða verð fyrir Símann með samanburði við heildsöluverð í þeim löndum í Evrópu þar sem eftirlitsstofnanir (NRA) hafa eftirlit með gjaldskrá (*price control*) fyrir markaðsráðandi fyrirtæki og byggja á FL-LRIC aðferðarfræði eða viðkomandi þjónusta tilheyri flutningsmarkaði þar sem ríki virk samkeppni.

PFS hefur yfirfarið endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans og telur að Síminn hafi tekið tillit til sjónarmiða PFS sem fram komu í fyrirhugaðri ákvörðun stofnunarinnar og telur PFS því rétt að samþykkja kostnaðargreind heildsöluverð Símans. Þar sem PFS hyggst samþykkja endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hefur stofnunin fallið frá því að beita verðsamanburði við ákvörðun heildsöluverða í talsímþjónustu. Samkvæmt endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans hækka upphafs- og lúkningarverð um rúmlega 46% og umflutningsgjöld lækka um rúmlega 14%. Miðað er við mínútuverð m.v. þriggja mínútna símtal. PFS samþykkir jafnframt innankerfisgjöld (on-net) Símans í samræmi við kostnaðargreiningu félagsins.

PFS hefur borðið hin nýju verð Símans saman við meðaltal fimm lægstu upphafs- og lúkningarverða í Evrópu sem ákvörðuð erum með FL-LRIC aðferðarfræði eða virk samkeppni ríkir. Niðurstaða samanburðarins er sú að kostnaðargreind verð Símans er jöfn meðalverðum fimm lægstu og því bendir það til þess að talsímanet Símans geti talist hagvæmt rekið. Í þessu sambandi hefur PFS fallist á tillögu Símans að miða skuli við fimm lægstu löndin í stað þriggja eins og PFS hugðist gera. Upphafs- og lúkningarverð Símans eftir hækkun verða 6. lægstu miðað við samanburðarhópinn í stað 2. sætis áður.

¹ Fully-allocated cost model based on historic costs.

PFS telur rétt að afnema skiptingu mínútuverða í dagtaxta annars vegar og kvöld-, nætur- og helgartaftaxta (KNH) hins vegar. Þess í stað komi eitt mínútuverð sem reiknað hefur verið í samræmi við vegið meðaltal umferðar í kerfi Símans.

Með vísun í framangreint þá samþykkir PFS eftirfarandi verðskrá fyrir samtengingarþjónustu í talsímaneti Símans sem hér segir.

Ný heildsöluverðskrá Símans fyrir talsímaþjónustu

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Verð kr./mín.
Upphaf	0,62	0,63
Lúkning	0,62	0,63
Umflutningur	0,34	0,15

Verðskrá fyrir lúkningu símaumferðar í flökkuþjónustu Símans og fyrir aðgang að internethringingu er sú sama og ofangreind lúkningarverð í talsímaneti Símans. Jafnframt er Símanum heimilt að hækka verð samsvarandi fyrir aðgang að gjaldfrjálsum númerum, auk þjónustu vegna annarra þjónustunúmera.

Með vísun til töluliðar 5.4. í ákvörðun PFS nr. 29/2008 er Vodafone heimilt að hækka lúkningarverð í eigin talsímaneti um rúmlega 46% frá núverandi verðum þegar fyrirhuguð hækkun Símans kemur til framkvæmda.

Síminn skal árlega endurskoða framangreinda kostnaðargreiningu þar til kostnaðargreind verð liggja fyrir sem byggjast á FL-LRIC aðferð. Ef niðurstöður í slíkri endurskoðun að teknu tilliti til verðsamanburðar leiða til breytinga á verðum Símans, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Símans breytast í samræmi við þá niðurstöðu. Með sama hætti munu lúkningarverð Vodafone breytast.

Eftir framangreinda hækkun upphafs- og lúkningarverða á grundvelli endurskoðaðrar kostnaðargreiningar Símans er hlutdeild heildsöluverða af smásöluverðum enn töluvert lægri en hún var þegar verð var síðast kostnaðargreint, vegna verðhækkana sem orðið hafa á smásöluverðum frá þeim tíma. Því er að álitamál að mati PFS hvort tilefni sé til hækkunar á smásöluverðskrá af þessum sökum. Frekar að um sé að ræða leiðréttingu á verðmyndun milli heilsölu og smásölu. Stofnunin mun fylgjast náið með þróun smásöluverða í framhaldi af ákvörðun sinni. Ef langtímaþróun verður áfram sú að lítil fylgni sé á milli þróunar heildsölu- og smásöluverða á líftíma þeirrar markaðsgreiningar sem kvöð um gjaldskráreftirlit byggir á, telur PFS einsýnt að stofnunin þurfi að beita smásölukvöðum til að tryggja eðlilega verðlagningu á milli heildsölu og smásölu Símans.

Í eftirfarandi köflum er fjallað um þá helstu þætti sem eru forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við mat á kostnaðargreiningu Símans fyrir upphaf, lúkningu og umflutning í talsímaneti Símans.

2 Málsatvik

2.1 Ákvörðun PFS nr. 29/2008

PFS tók ákvörðun nr. 29/2008², dags. 4. desember 2008, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 8), heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) og heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10).

PFS komst að þeirri niðurstöðu að skilgreiningar á mörkuðum 8-10 sem fram koma í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)³ eigi við á hér á landi. PFS studdist við eftirfarandi skilgreiningar í markaðsgreiningu sinni á mörkuðum 8-10.

Markaður 8⁴

Samkvæmt skilgreiningu á markaður 8 við um upphaf símtala í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu. Í tilmælunum er miðað við að upphaf símtala taki einnig til flutnings staðarsímtala og sé afmarkað í samræmi við skilgreind mörk markaða fyrir símtalsflutning og lúkningu símtala í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu. Þessi markaður samsvarar markaði sem nefndur er í 2. tl. I. viðauka við rammatilskipunina með tilvísun til tilskipunar 97/33/EB („tilurð símtala í fasta, almenna talsímanetinu“).

Upphaf símtala í almenna talsímanetinu gegnum fasttengingu (markaður 8) felst í uppsetningu símtals, leiðarvali í símstöð og tengingu fyrir upphafstig símtalsins. Á þessu stigi er innifalinn flutningur frá endanotanda eftir heimtaug að tengigrind og áfram til fyrstu símstöðvar á leiðinni áður en kemur að næsta stigi í símtalinu sem er annað hvort símtalsflutningur eða lúkning símtals.

Markaður 9⁵

Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum gegnum fasttengingu fellur undir markað 9. Í tilmælunum er miðað við að lúkning símtala taki einnig til flutnings staðarsímtala og sé afmörkuð í samræmi við skilgreind mörk markaða fyrir upphringingu og símtalsflutning í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu. Þessi markaður samsvarar markaði sem nefndur er í 2. tl. I. viðauka við rammatilskipunina með tilvísun til tilskipunar 97/33/EB („lúkning símtala í fasta, almenna talsímanetinu“).

Lúkning símtala í einstökum almennum talsímanetum gegnum fasttengingu (markaður 9) felst í því að ljúka símtalinu og í leiðarvali á lúkningarenda símtalsins. Lúkning felur í sér flutning símtals frá næsta stigi á undan í leið símtalsins (upphaf eða flutningur) í gegnum símstöð og eftir heimtaug til þess sem hringt er í.

² Vefslóð á ákvörðun PFS nr. 29/2008. http://pfs.is/default.aspx?cat_id=273&module_id=210&element_id=2185

³ Sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 16. júní 2004.

⁴ Markaður 8 er nú markaður 2 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.

⁵ Markaður 9 er nú markaður 3 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.

Markaður 10⁶

Símtalsflutningur í fasta almenna símkerfinu flokkast sem markaður 10. Í tilmælunum er miðað við að afmörkun á símtalsflutningi sé í samræmi við skilgreind mörk markaða fyrir upphringingu og símtalsflutning í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu. Þessi markaður samsvarar markaði sem nefndur er í 2. tl. I. viðauka við rammatilskipunina með tilvísun til tilskipunar 97/33/EB („umflutningsþjónusta í fasta, almenna talsímanetinu“). Flutningur símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaður 10) felst í flutningi símaumferðar í gegnum a.m.k. eina símstöð (t.d. tandem switch/media gateway) sem er ekki næsta símstöð við endanotendur í símtalinu. Í þessu getur almennt falist flutningur símtala innan sama nets, símtala milli viðkomandi nets og samkeppnisaðila, útlandasímtala og símtöl sem koma frá einu neti og eru flutt yfir netið til þriðja netsins til lúkningar. PFS telur þó að miðað við aðstæður hér á landi sé aðeins um flutning símtala að ræða þegar símtal fer úr einu neti um talsímnet og yfir í þriðja netið, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.3. PFS telur að þar sem búnaður fjarskiptaneta getur haft mismunandi hlutverk við flutning á mismunandi símtölum þá sé rétt að skilgreina flutningsþjónustu út frá flutningsleið símtalsins en ekki út frá því hvaða búnaður er notaður.

Símtöl til internetþjónustuaðila (upphringisambönd) eru talin hluti af mörkuðum fyrir upphaf og flutning símtala, en tilheyra ekki markaði fyrir lúkningu símtala. Símtöl falla jafnt undir markaðina þrjá hvort sem þau fara fram milli neta eða alfarið innan sama nets, sbr. þó umfjöllun um markað 10 í kafla 2.3.2. PFS telur enga ástæðu til þess að greina á milli símtala einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar eins og gert er varðandi smásölumarkaði talsímaþjónustu. Samsvarandi undirliggjandi heildsölubættir símtala einstaklinga og fyrirtækja tilheyra því sama markaði. PFS telur ýmsa þjónustuþætti sem boðnir eru í heildsölu í tengslum við upphaf, lúkningu og flutning símtala og nauðsynlegir eru til þess að koma á samtengingu milli neta vera hluta af mörkuðum 8-10. Símtöl sem eiga upphaf eða endi í annars konar neti geta fallið undir markaði 8-10 að því leyti sem þau fara um almennt innlent talsímanet.

Mörkin milli 8, 9 og 10

Í tilmælum ESA er gengið út frá því að upphaf og lúkning símtala miðist við lægsta stig samtengingar, þ.e.a.s. samtengingu innan sama samtengingarsvæðis. Ef símtal byrjar og endar innan sama samtengisvæðis samanstendur símtalið af upphafi (markaður 8) og lúkningu (markaður 9) en ekki flutningi (markaður 10). Í talsímaneti Símans er aðeins eitt samtengisvæði sem nær til landsins alls. Sama er að segja um talsímanet Vodafone. Vegna þess að hvert net hefur aðeins eitt samtengisvæði er ekki um að ræða flutning ef símtal fer alfarið fram innan sama net. Símtalið samanstendur þá eingöngu af upphafi og lúkningu. Sama er að segja um símtöl sem fara úr skiptistöð í einu neti yfir í skiptistöð í öðru neti og enda í því neti. Í því tilviki er samanstendur símtalið af upphafi í fyrnefnda netinu og lúkningu í því síðarnefnda. Þar sem hvorugu netanna er skipt niður í samtengisvæði er ekki innheimt flutningsgjald fyrir símtalið. Ef símtal hins vegar byrjar í einu neti fer í gegnum annað net sem er talsímanet og endar í þriðja netinu þá er um flutning að ræða hjá netinu í

⁶ Markaður 10 er ekki skilgreindur í nýjum tilmælum EFTA frá 5. nóvember 2008, en er í gildi þar til PFS kemst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni ríki í kjölfar nýrrar markaðsgreiningar.

miðjunni. Miðað við aðstæður og samtengiskilmála hér á landi er því aðeins um að ræða flutning símtala um talsímanet þegar símtal fer úr einu neti um talsímnet og yfir í þriðja netið.

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hf. væri með umtalsverðan markaðsstyrk á öllum þremur mörkuðunum 8, 9 og 10 og útnefndi félagið með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim. Jafnframt útnefndi PFS Og fjarskipti ehf. (Vodafone) með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 9.

Með ákvörðuninni voru lagðar eftirfarandi kvaðir á Símann á mörkuðum 8, 9 og 10.

Kvöð um að veita aðgang að talsímaneti

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Símann hf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að fastasímaneti og þjónustu fyrir upphaf símtala á heildsölustigi, aðgang að lúkningu í fastasímneti og þjónustu fyrir lúkningu símtala á heildsölustigi og flutning símtala í fastaneti og meðfylgjandi reikningagerð ef með þyrfti.

Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. laga um fjarskipti lagði PFS kvöð á Símann hf. um jafnræði bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi.

Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Símann hf. um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir upphaf símtala í fastlínukerfi.

Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér, að lágmarki, að annars vegar heildsala og hins vegar smásala fastnetsímasviðs Símans séu bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri.

Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og að bjóða upphaf, lúkningu og flutning símtala í fastlínukerfi á verði sem skyldi byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Síminn skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga, eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar, sem notaði sögulegan kostnað til viðmiðunar fyrir gjaldskrá. PFS myndi taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. PFS myndi meta árlega út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra væri að styðjast við LRIC aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

Með vísan til þess að samtengigjöld hafa lækkað í helstu viðmiðunarlöndum undanfarin ár meðan samtengigjöld Símans hefðu staðið í stað hugðist PFS ekki heimila hækkanir á samtengigjöldum Símans miðað við óbreyttar aðstæður. Símanum var því óheimilt að innheimta hærri gjöld fyrir upphaf og lúkningu símtala en þau gjöld sem eru í núverandi

gjaldskrá, þ.e.a.s. 0,68 kr. fyrir tengingu, 0,44 kr. á mínútu á dagtaxta og 0,26 kr. á mínútu á kvöld-, nætur- og helgertaxta. Símanum var einnig óheimilt að innheimta hærri gjöld fyrir flutning símtala en þau gjöld sem eru í núverandi gjaldskrá, þ.e.a.s. 0,15 kr. fyrir tengingu, 0,30 kr. á mínútu á dagtaxta og 0,15 kr. á mínútu á kvöld-, nætur- og helgertaxta. Að lokinni kostnaðargreiningu sbr. næstu málsgrein hér á undan myndi PFS ákveða upphæð gjaldanna að nýju.

PFS lagði kvöð á Símann um kostnaðarbókhald fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala. Síminn skyldi eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi upphaf, lúkningu og flutning símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn skyldi skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi væri milli lýsingar Símans til PFS hvernig kostnaði væri skipt og úrfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Símans.

2.2 Upphafleg kostnaðargreining Símans

Síminn lagði fram kostnaðargreiningu þann 3. september 2009, fyrir ákveðnar þjónustur í föstu talsímaneti fyrirtækisins. Greiningin er lögð fram í samræmi við kvaðir um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald sem lagðar voru á Símann með ákvörðun PFS nr. 29/2008. Fram kom að Analysys Mason (AM) hefði annast gerð kostnaðargreiningarinnar fyrir Símann.

Í kostnaðargreiningunni eru reiknuð heildsöluverð fyrir eftirfarandi þjónustur Símans í föstu talsímaneti fyrirtækisins:

- upphaf símtala⁷ (markaður 8),
- lúkningu símtala⁸ (markaður 9),
- umflutning símtala⁹ (markaður 10),
- innankerfissímtöl¹⁰,
- ýmiss önnur gjöld.

Fram kemur hjá AM að útbúið hafi verið kostnaðarlíkan sem heildsölugjaldskrá Símans byggir á sem tekur mið af sögulegum kostnaði Símans sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (*HC FAC*¹¹) í samræmi við kostnaðarforsendur í rekstri talsímanets fyrirtækisins á árinu 2008. Í niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar koma fram kostnaðargreind verð fyrir upphaf, lúkningu og umflutning símtala í föstu talsímaneti Símans í samræmi við kvaðir þess efnis. Fram kom hjá AM að PFS hafi ekki útlistað frekar hvernig Síminn skyld reikna kostnaðarverð fyrir framangreind þjónustur.

Í kostnaðarlíkaninu er jafnframt leitast við að nálgast hagrænan kostnað með notkun verðbreytingar árgreiðslu aðferðarinnar (*tilted annuity depreciation method*).

⁷ Origination.

⁸ Termination.

⁹ Transit.

¹⁰ On-net.

¹¹ Fully-allocated cost model based on historic costs.

Í megin skjali greiningarinnar koma fram helstu niðurstöður, byggðar á verðbreytingar árgreiðslu aðferðinni og helstu forsendur.

Eftirfarandi viðaukar fylgja greiningunni:

Annex A sem innheldur ítarlega lýsingu á þeirri aðferðarfræði (*methodology*) sem notuð er í kostnaðarútreikningum í líkaninu og Annex B sem inniheldur yfirlit yfir öll excel skjöl líkansins. Að auki er líkanið í excel skjölum með útreikningum.

Kostnaðargreining Símans á talsímaneti fyrirtækisins byggir á eftirfarandi meginforsendum:

1. Sögulegur kostnaður (*top-down model*) sem byggir á fjárhagsárinu 2008.
2. Kostnaður af raun umferðamagni í talsímanetinu á árinu 2008 er reiknaður.
3. Nær bæði yfir talsímaþjónustu og lághraða gagnaflutnings þjónustu.
4. Undanskilur háharða bitastraumsþjónustu (s.s. ADSL).
5. Fangar heildsöluþátt kostnað kerfisins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað, og innifelur hæfilega ávöxtun af fjárbindingu í veltufjármunum (*working capital*). Miðað er við af 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum til að tryggja eðlilegan rekstur.
6. Notast er við verðbreytinga árgreiðsluáðferðina (*tilted annuity depreciation method*) byggða á áætlun um endurkaupsvirði (GRC^{12}) talsímanetsins, hagrænum líftíma, skilgreindum sem lengri líftíminn þegar borinn er saman bókhaldslegur líftími við núverandi raun líftíma. Einnig er tekið tillit til þess tíma sem líður frá fjárfestingu í búnaði þar til hann kemst í notkun, og einnig er áætluð raun verðþróun búnaðar.
7. Innifelur raunávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar. Nafnávöxtunarkrafa er [...] ¹³ samkvæmt skilgreiningu (*WACC nominal*) eða raunávöxtunarkrafa [...] (*WACC real*) sem notuð er til ávöxtunar á fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru við framboð á tiltekinni þjónustu.
8. Kostnaður Símans er heimfærður er á viðkomandi þjónustur (*FAC*) í talsímanetinu, auk þess sem sameiginlegum kostnaði er dreift hlutfallslega jafnt á þjónustur ($EPMU^{14}$).

Er það mat Símans að framangreind nálgun tryggi í meginatriðum trausta og nákvæma útreikninga á kostnaði við heildsöluþjónustu á árinu 2008. Síminn bendir á að vegna minnkandi umferðar í talsímaneti sínu á seinni árshelmingi ársins 2008 má reikna með að einingarkostnaður sé í raun hærri en meðalmagn ársins sýnir eins og miðað er við í greiningunni. Áframhaldandi minnkun umferðar leiði jafnframt af sér hærri einingarverð.

¹² Gross replacement costs.

¹³ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

¹⁴ Equi-proportionate mark-up.

2.3 Boðunarbréf um fyrirhugaða ákvörðun PFS

Með bréfi, dags. 4. febrúar 2011, sendi PFS Símanum fyrirhugaða ákvörðun varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í talsímaneti Símans til andmæla. Í umfjöllun og niðurstöðu PFS kom meðal annars eftirfarandi fram.

„Síminn hefur, samkvæmt tilmælum PFS og í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar nr. 29/2008, lagt fram kostnaðargreiningu á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í talsímaneti sínu, sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu AM. AM hefur útbúið kostnaðarlíkan sem heildsölugjaldskrá Símans byggir á og tekur mið af sögulegum kostnaði Símans sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (HC FAC¹⁵).

Niðurstaða kostnaðargreiningar Símans felur í sér hækkun á heildsölutekjum vegna upphafs og lúkningar í talsímaneti fyrirtækisins sem nemur um 140% á årsgrundvelli.

PFS hefur yfirfarið kostnaðargreiningu Símans fyrir upphaf, lúkningu og umflutning í talsímaneti fyrirtækisins og hyggst á þessu stigi hafna kostnaðargreiningu Símans þar sem kostnaðargreiningin sé ekki fullnægjandi til að byggja ákvörðun um gjaldskrá eins og hún er framsett. PFS hyggst því ekki samþykkja framangreinda niðurstöðu úr kostnaðargreiningu Símans af eftirfarandi ástæðum, en gerð er nánari grein fyrir afstöðu PFS í einstökum köflum hér að aftan.

Sú aðferðarfræði sem Síminn beitir við mat sitt á fjárfestingum í talsímaneti fyrirtækisins er að mati PFS ekki fullnægjandi. PFS gerir athugasemdir við ýmsa þætti sem hafa veigamikil áhrif á niðurstöðu Símans um mat á stofni fjárfestinga, kostnaði vegna afskrifta og fjármagnskostnaðar. PFS telur ekki raunhæft að stofn fjárfestingar í talsímaneti fyrirtækisins byggi á sögulegum kostnaði úr bókhaldi Símans, þar sem gögn félagsins eru ófullnægjandi.

Það er mat PFS að vegna óvissu um ýmsa liði rekstrarkostnaðar talsímanetsins sé á þessu stigi ekki mögulegt að leggja mat á niðurstöðu kostnaðargreiningar Símans hvað varðar rekstrarkostnað, án ítarlegri skýringa og sundurliðana.

Þrátt fyrir að PFS samþykki þá aðferðarfræði sem beitt er við heimfærslu kostnaðar á þjónustur, felur það álit stofnunarinnar ekki í sér samþykki á þeim kostnaðargrunni og forsendum sem byggt er á við mati á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði. PFS gerir athugasemdir við óljósar forsendur hvað varðar skiptireglur og álagsstuðla.

PFS bendir á að magntölur vegna umflutnings umferðar um talsímanet Símans eru mjög lágar og virðast ekki í samræmi við upplýsingar PFS frá markaðsaðilum. Framangreint getur haft veruleg áhrif á verðútreikninga, sérstaklega fyrir viðkomandi þjónustu og telur PFS því nauðsynlegt að skoða framgreint atriði ítarlega.

Jafnframt gerir PFS athugasemdir við ávöxtunarkröfu og þá útreikninga sem leiða af breytingu á henni.

PFS hefur einnig borið niðurstöðu Símans um upphafs- og lúkningarverð við verð fyrir skiptistöðvar (*single transit*) hjá markaðsráðandi (*incumbent*) fyrirtækum í Evrópu. Um er ræða 30 lönd innan samtaka evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana (IRG) þar sem verð á

¹⁵ Fully-allocated cost model based on historic costs.

talsímamarkaði lúta gjaldskrárefirlit (*price control*). Niðurstaðan er að reiknuð upphafs- og lúkningarverð samkvæmt kostnaðargreiningu Símans eru í 24-25. sæti af þessum löndum.

Að öllu framangreindu virtu er það álit PFS að kostnaðargreining Símans geti ekki orðið grundvöllur ákvörðunar á heildsöluverðum í talsímaþjónustu Símans, þar sem niðurstaðan endurspeglar ekki áætlað verð sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Í ljósi framangreindra atriða er það mat PFS að nauðsynlegt sé að notast við kostnaðargreiningaraðferð sem er óháð rekstri Símans. Við greiningu á kostnaði í heildsölu fyrir talsímaþjónustu telur PFS rétt að gert sé kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC aðferðina til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti (*efficient network*) og hagkvæmt rekin þjónusta (*efficient operator*) á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Um er að ræða bottom-up LRIC líkansem unnið er af PFS og horft til væntrar framtíðarþróunar (*forward looking*) á grundvelli núverandi kostnaðar (*current costs*), FL-LRIC¹⁶, þar sem miðað er við hagkvæmstu tæknilegu lausnir (*efficient technologies*) sem eru í boði á gildistíma ákvörðunar að því marki sem þær eru þekktar, s.s. næstu kynslóðar net (*NGN*), í útreikningum á verðum.

Vegna þess hversu tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni það er að innleiða FL-LRIC líkan telur PFS er rétt að gera ráð fyrir að innleiðingin taki 3-4 ár. PFS hyggst því nota aðra aðferð, verðsamanburð (*benchmark*), þar til kostnaðargreining með FL-LRIC aðferð liggur fyrir, í samræmi við heimild stofnunarinnar í lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. PFS hyggst ákvarða verð fyrir Símann með samanburði við heildsöluverð í þeim löndum í Evrópu þar sem eftirlitsstofnanir (NRA) hafa eftirlit með gjaldskrá (*price control*) fyrir markaðsráðandi fyrirtæki og byggja á LRIC aðferðarfræði eða viðkomandi þjónusta tilheyri flutningsmarkaði þar sem ríki virk samkeppni. Framangreind afstaða PFS er í samræmi við tilmæli Evrópusambandsins.

Svíþjóð, Danmörk og Slóvenía eru þau þrjú lönd sem uppfylla skilyrði í verðsamanburði PFS og eru með lægstu upphafs- og lúkningarverðin á sambærilegum samkeppnismörkuðum. Á grundvelli framangreinds vals á samanburðarlöndum hyggst PFS einnig ákvarða umflutningsverð Símans. PFS hyggst ákvarða innankerfisgjöld (*on-net*) Símans í hlutfallslegu samhengi við upphafs- og lúkningarverð og taka tillit til forsenda og niðurstöðu Símans þar um.

Fyrirhuguð niðurstaða PFS er sú að upphafs- og lúkningarverð skuli hækka um rúmlega 34% og verð fyrir umflutning um skiptistöð lækki um tæplega 9% frá núverandi verðskrá Símans.

Upphafs- og lúkningarverð Símans eftir hækkun verða 6. lægstu miðað við samanburðarhópin í stað 2. sætis áður. Þrátt fyrir framangreinda hækkun heildsöluverða eru verð í samræmi við markmið PFS um að verð á fjarskiptaþjónustu sé eins og best gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Sú aðferð sem PFS beitir er í samræmi við markmið tilmæla ESB um að útkoma annarrar aðferðar fari ekki yfir meðaltal lúkningarverða ríkja sem nota FL-LRIC aðferð.

¹⁶ Forward looking bottom-up LRIC (LRAIC) model based on current costs.

Með vísun í framangreint þá hyggst PFS ákvarða nýja verðskrá fyrir samtengingarþjónustu í talsímaneti Símans sem hér segir.

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Dagtaxti kr./mín.	KNH taxti kr./mín.
Innankerfis	[...]	[...]	[...]
Upphaf	0,91	0,59	0,35
Lúkning	0,91	0,59	0,35
Flutningur	0,14	0,28	0,14

Verðskrá fyrir lúkningu símaumferðar í flökkuþjónustu Símans og fyrir aðgang að internethringingu er sú sama og ofangreind lúkningarverð í talsímaneti Símans. Jafnframt er Símanum heimilt að hækka verð samsvarandi fyrir aðgang að gjaldfrjálsum númerum, auk þjónustu vegna annarra þjónustunúmera.

Með vísun til töluliðar 5.4. í ákvörðun PFS nr. 29/2008 er Vodafone heimilt að hækka lúkningarverð í talsímaneti sínu um rúmlega 34% frá núverandi verðum þegar fyrirhuguð hækkun Símans kemur til framkvæmda.

PFS hyggst árlega endurskoða framangreindan verðsamanburð þar til kostnaðargreind verð liggja fyrir sem byggjast á FL-LRIC aðferð. Ef niðurstöður hans leiða til breytinga á verðum Símans, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Símans breytast í samræmi við þá niðurstöðu. Með sama hætti munu lúkningarverð Vodafone breytast.

Stofnunin hyggst fylgjast náið með þróun smásöluverða í framhaldi af ákvörðun sinni. Ef langtímaþróun verður áfram sú að lítil fylgni sé á milli þróunar heildsölu- og smásöluverða á líftíma þeirrar markaðsgreiningar sem kvöð um gjaldskrárefirlit byggir á, telur PFS einsýnt að stofnunin þurfi að beita smásöluverðum til að tryggja eðlilega verðlagningu á milli heildsölu og smásölu Símans, sbr. 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga.

PFS hefur í hyggju að staðfesta þá fyrirhuguðu niðurstöðu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Símanum býðst hér með tækifæri til að andmæla fyrirhugaðri ákvörðun PFS áður en endanleg ákvörðun verður tekin.“

2.4 Endurskoðuð kostnaðargreining og andmæli Símans

Með bréfi, dags. 19. apríl 2011, barst endurskoðuð kostnaðargreining og andmæli Símans við fyrirhugaða ákvörðun PFS. Síminn andmælti ákveðnum þáttum í fyrirhugaðri ákvörðun PFS, en tók undir sjónarmið PFS að öðru leyti.

Í inngangi og samantekt í bréfi Símans kom meðal annars eftirfarandi fram:

„Forsendur fyrri greiningar

Í september 2009 lagði Síminn hf. (hér eftir Síminn) fram kostnaðargreiningu til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í talsímaneti sínu. Greiningin var unnin af ráðgjafafyrirtækinu Analysys Mason (AM) fyrir Símann. Kostnaðargreiningin byggði á sögulegum kostnaði ársins og var miðað við

raunkostnað ársins 2008. Greiningin byggði á fjölmörgum forsendum sem eðlilega hafa mismikil áhrif á endanlega niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar.

Fram kom hjá Símanum að helstu breytingar á forsendum frá upphaflegri kostnaðargreiningu væru eftirfarandi:

Fjárfestingar

Ein af meginforsendum við mat á kostnaðargrunni talsímaþjónustunnar er mat á undirliggjandi fjárfestingum. Fjárfestingar í talsímaneti eru margar hverjar komnar til ára sinna en eru þrátt fyrir það enn í notkun og því hluti af því kerfi sem notað er til að veita þjónustuna. Mjög erfitt reyndist því að nálgast sögulegt kostnaðarverð á þeim fjárfestingum sem eru grunnur að núverandi talsímakerfi.

Til að nálgast kostnaðarverð fjárfestinga í kostnaðargreiningunni (sviptivirði) var því ákveðið að notast frekar við endurstofnverð sambærilegs kerfis og nú er notað í talsímakerfinu. Árgreiðsluaðferð er síðan notuð til að reikna árlegan kostnað vegna fjárfestinga.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður hefur verið yfirfarinn. Kostnaður hefur verið lækkaður í þeim tilvikum sem vitað er að núverandi kostnaður sé lægri. Þetta á til dæmis við um leigulínukostnað en Síminn hagræddi talsvert í leigulínum í talsímanetinu á árunum 2009 og 2010 og þykir rétt að lækka kostnað í kostnaðargreiningu sem því nemur. Enn fremur hafa verið gerðar nokkra smærri breytingar til lækkunar á kostnaði sem nánar verður gert grein fyrir hér á eftir. Þess ber þó að geta að kostnaðargreiningin miðast við rekstur árið 2008 (sögulegur kostnaður).

Rétt er að ítreka að á sama tíma og einstaka gjaldaliðir hafa lækkað s.s. leigulínur hafa önnur gjöld hækkað sérílagi öll erlend aðföng þar sem gengi krónunnar hefur veikst verulega frá meðalverðlagi 2008. Ekki hefur verið gerð leiðrétting á kostnaðargreiningu hvað varðar hækkanir á gjöldum, eingöngu hefur verið lækkað þar sem slíkt liggur fyrir. Því er ljóst að með þeim breytingum sem gerðar eru á kostnaðargrunninum er verið að byggja inn hagræðingarkröfu í rekstur talsímakerfisins. Þessu tilviðbótar hefur umferð í kerfinu dregist verulega saman frá því sem var á árinu 2008 án þess að sú minnkun hafi sambærileg áhrif á rekstrarkostnað þar sem stór hluti kostnaðar er fastur kostnaður.

Varhugavert er því að lækka kostnað enn frekar frá þeim grunni sem kostnaðargreiningin byggir á án þess að samhliða sé tekið tillit til minnkandi umferðar. Einnig er ljóst að nauðsynlegt verður að endurskoða verðskrá á ofangreindum mörkuðum mjög fljótlega til að hægt verði að aðlaga verðlagningu að minnkandi nýtingu á kerfinu.

Breyting úr dag- og kvöldtaxta í einn meðaltaxta

Allt frá því heildsöluverð var skilgreint á talsímaþjónustu hefur mínútuverð verið verðlagt eftir því hvenær dags og á hvaða dögum það á sér stað. Þannig hefur dagtaxti verið skilgreindur á virkum dögum frá kl. 8:00 til kl. 19:00 símtölum á öðrum tímum hafa verið flokkuð á kvöld- og helgartaxta.

Rétt þykir að skoða hvort ástæða sé til að hætta ofangreindri skiptingu í heildsöluverðskránni og eingöngu verði um eitt meðalverð að ræða í endurskoðaðri verðskrá. Eins og vitað er hefur álag í talsímakerfinu minnkað verulega undanfarin ár m.a. í kjölfar þess að farsímakerfi hafa

verið byggð upp sem og að stór hluti umferðar sem áður fór um talsímakerfið fer núna um Internetið með einum eða öðrum hætti. Ekki þykir því ástæða til þess að jafna álag á talsímakerfið með því að verðleggja umferð mismunandi eftir því hvenær sólarhringsins eða vikunnar hún fer fram. Breyting á verðskrá yfir í eitt verð mun einnig einfalda utanumhald og uppgjör og getur því leitt til hagræðingar þegar til lengri tíma er litið.

Ókosturinn við þessa breytingu er aðallega sá að hún mun leiða til þess að verð fyrir símtöl á kvöld- og helgartaxta hækkar hlutfallslega mikið en tæplega helmingur umferðar fer fram á þessum tíma. Rétt er þó að geta þess að þessi skipting er nær alveg horfin úr smásöluverðskrá fjarskiptafélaganna, breytingin ætti því ekki að þurfa að hafa áhrif á smásöluverðskrá.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Kostnaðargreining miðast við að meðalkostnaður fjármagns fyrir Símann árið 2008 sé 8,61% sem er í samræmi við úrskurð PFS í fyrri kostnaðargreiningum.

Aðrar breytingar

Magntölur fyrir umflutning umferðar um talsímanet Símans hafa verið leiðréttar frá fyrri greiningu.

Endurskoðuð niðurstaða Símans á mörkuðum 8, 9 og 10

Miðað við ofangreindar forsendur verður ný verðskrá Símans fyrir samtengiþjónustu í talsímaneti sem hér segir.

[...]

Heildsöluverð fyrir 3ja mínútna símtal á dagtaxta hækkar þannig úr 0,67 kr. í 0,98 kr. eða um 47%.¹⁷

Rétt er að vekja athygli á því að heildsöluverðskrá fyrir talsímaþjónustu hækkaði síðast í lok árs 2000. Frá miðju ári 2000 og fram á mitt ár 2008 hækkaði vísitala neysluverðs um 54,4% og um 82,4% frá miðju ári 2000 fram á mitt ár 2010.

Verðsamanburður

Ef niðurstaða PFS verður engu að síður sú að verðskrá fyrir ofangreinda markaði skuli taka mið að verðsamanburði leggur Síminn áherslu á að miðað verði við meðaltal a.m.k. fimm landa sem uppfylla þau skilyrði sem PFS hefur sett fyrir samanburði. Rökin fyrir því að valin séu a.m.k. fimm lönd eru fyrst og fremst þau að þannig má eyða út sértækum áhrifum sem eitt einstakt land getur haft á meðaltalið.

Með því móti telur Síminn að megi fá betra meðaltal og raunhæfari niðurstöðu við verðsamanburð (e. benchmark) en ef færri lönd væru valin til samanburðar.“

Síminn áskildi sér rétt til að koma að frekari útskýringum og rökstuðningi á síðari stigum eftir því sem tilefni gæfist til.“

¹⁷ Meðalverð á mínútu miðað við 3ja mín. símtal. Upphafsgjald að viðbættu mínútuverði deilt á 3 mínútur.

3 Forsendur og niðurstöður

3.1 Afstaða PFS - Inngangur

Í kostnaðargreiningu Símans sem hér er til umfjöllunar eru heildsöluverð fyrir upphaf, lúkningu og umflutning símtala í talsímaneti fyrirtækisins, byggð á sögulegum kostnaði í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins. Þegar gjaldskrá styðst við sögulegan kostnað hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Um er að ræða heildsöluverð á mörkuðum 8, 9 og 10.

Í ákvörðunum PFS nr. 29/2008 (markaðir 8, 9 og 10) kom fram að gjaldskrá fyrir upphaf, lúkningu og flutning sem tilheyrði viðkomandi mörkuðum muni fyrst um sinn byggjast á kostnaðarlíkani sem heimfærir sögulegan kostnað á einstaka þætti starfseminnar þar sem kostnaður og tekjur verða til að teknu tilliti til sambærilegar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra sé að styðjast við kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC¹⁸ aðferðina frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS bendir á að sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir á Símanum í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og því verður krafa fyrirtækisins að grundvallast á ígrundaðri umfjöllun þar sem allir þættir eru teknir til greina. Í því samandi lagði PFS kvöð á Símann um kostnaðarbókhald og skyldi Síminn afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi upphaf, lúkningu og flutning símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði.

Við val á aðferð til ákvörðunar gjaldskrár telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á niðurstöðu sem er sanngjörn fyrir neytendur og á sama tíma í takt við kostnað hagkvæms rekens talsímanets. Þær leiðir sem helst koma hér til greina nú eru að nota aðferð sem byggir á sögulegum kostnaði Símans samkvæmt fyrirliggjandi kostnaðargreiningu eða byggja á verðsamanburði við gjaldskrár í EES-ríkjum.

Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmilega rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerð nr. 960/2001¹⁹, ERG Common Position²⁰ og Commission Recommendation (2005/698/EC)²¹, IRG Regulatory Accounting²² og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB

¹⁸ Langtíma viðbótarkostnaður.

¹⁹ Reglugerð nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

²⁰ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29. ERG's Common Position on symmetry of fixed call termination rates and symmetry of mobile call termination rates ((ERG (07) 83 final 080312).

²¹ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum.²³ Styðst stofnunin einnig við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg, Ibbotson og Cullen International, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu í kostnaðargreiningu talsímaneta til hliðsjónar.

Í köflunum hér á eftir eru forsendur og afstaða PFS varðandi helstu þætti sem stofnunin leggur til grundvallar við mat á kostnaðargreiningu Símans fyrir heildsöluverð fyrir upphaf, lúkningu og umflutning í talsímaneti Símans.

- Stofn fjárfestinga og líftími
- Rekstrarkostnaður
- Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar
- Veginn meðalkostnaður fjármagns (*WACC*)
- Veltufjárbinding
- Samandregin niðurstaða

PFS byggir fyrirhugaða ákvörðun sína á upphaflegri kostnaðargreiningu Símans sem fyrirtækið sendi þann 2. september 2009, sjónarmiðum stofnunarinnar sem fram komu í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun, svo og endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans sem fyrirtækið sendi til PFS þann 19. apríl sl.

Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

3.2 Upphafleg kostnaðargreining Símans - Stofn fjárfestinga og líftími

Síminn nálgadist sviptivirði (*GRC*²⁴) á grundvelli sögulegs kostnaðar. Síminn lagði til grundvallar bókfært kostnaðarverð (*GBV*²⁵), framreiknað til meðalverðlags ársins 2008 skv. neysluverðsvísitölu.

Jafnframt var lagt mat á áætlaða raunlækkun búnaðar á tímabilinu í samræmi við verðbreytinga (*tilt*) afskriftar aðferðina sem Síminn studdist við í útreikningi á árgreiðslu vegna fjárfestingar. Síminn mat árlega raun verðbreytingar (*price trend*) búnaðar og var niðurstaða Símans að gera ráð fyrir að jafnaði -4% raun verðlækkun búnaðar á árabílinu 1997 til 2008, en vegna eignfærðra vinnulauna o.fl. var miðað við 0%.

Fram kom hjá Símanum að á árunum 2000 til 2007 hafi launakostnaður verið eignfærður árlega og að alls [...] millj. kr. verið færðar í eignakerfi félagsins (*FAR*).

Síminn miðaði við hagrænan líftíma (*economic lifetime*) eigna og skilgreindi hann með þeim hætti að hann væri fundinn út með því að bera saman bókhaldslegan afskriftartíma og núverandi raun líftíma og nota þann tíma sem gefur hærri niðurstöðu í þeim samanburði. Líftími ákvarðaður með þessum hætti gæfi niðurstöðu um 4,55 til 26,79 ár eftir eignaflokkum.

²² IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.

²³ COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

²⁴ Gross Replacement Cost.

²⁵ Gross Book Value.

Síminn framreiknaði bókfærðar stofnfjárfestingar með neysluverðsvísitölu til meðalverðlags ársins 2008 (*real terms*). Niðurstaða Símans var að framreiknað stofnverð fjárfestinga (*GBV*) vegna talsímaþjónustu væri [...] millj. kr. og að viðbættum eignfærðum launakostnaði árána 1997 til 2008, [...] millj. kr., væri stofnverð fjárfestinga (*capex*) í talsímaneti fyrirtækisins samtals [...] millj. kr.

Í kostnaðarlíkani Símans væru reiknaðar afskriftir fjárfestinga, að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu, í samræmi við veginn meðalkostnað fjármagns (*WACC*), með notkun verðbreytinga árgreiðsluáðferðarinnar (*tilted annuity*). Þessi aðferð tæki tillit til raun verðþróun eigna, þar sem lækkandi verð leiddu til meiri afskrifta á fyrstu árum líftíma fjárfestinga í útreikningi á árgreiðslu. Grunnforsenda í þessum útreikningi væri að áætla sviptivirði eða endurkaupsverð (*GRC*) farsímanetsins þegar árgreiðsla væri reiknuð ásamt áætluðum líftíma einstakra hluta netsins. Tóku útreikningar Símans einnig tillit til tímans frá fjárfestingu til notkunar.

Niðurstaða Símans var sú að árgreiðsla næmi [...] millj. kr. á árinu 2008 að teknu tilliti til framangreindra forsenda og *WACC* prósentu [...]Um væri að ræða árlegan kostnað vegna afskrifta og ávöxtunarkröfu bundins fjármagns. Síminn heimfærði beint á kostnaðarbera [...] millj. kr., en [...] millj. kr. væri metið sem sameiginlegur kostnaður.

3.3 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Stofn fjárfestinga og líftími

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar:

„Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að leggja skuli mat á virði þeirra fjárfestinga sem krafist er til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Í þeim tilgangi að líkja sem mest eftir aðstæðum á samkeppnismarkaði skal við þessa ákvörðun nota sviptivirði starfsmáttarfjármagns sem aðferð. Fram kemur í 2. mgr. sömu greinar að í undantekningartilfellum geti PFS samþykkt til bráðabirgða að stuðst verði við sögulegan kostnað. Ef mat eigna byggist eingöngu á gögnum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis þá felur það í sér að sönnunarbyrðin er hjá viðkomandi fyrirtæki. Í slíkum tilfellum skal PFS hafa til samanburðar áætlað verð sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði. Sögulegur kostnaður eins og hann er færður í bókhaldi, við að koma upp aðstöðu getur gefið vísbendingu um sviptivirði, sérstaklega á nýrri eignum. Hann segir hins vegar ekki til um hvað myndi kosta að koma upp nýrri aðstöðu ef hún hverfur eða eigandi hennar er sviptur henni.

Í 8. gr. reglugerðar nr. 960/2001 við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengjast framboði þjónustunnar skal beita beinlínu afskriftaraðferð, þ.e. afskrift er fundin með því að deila endurmetnum stofni fjárfestingar með áætluðum endingartíma. Jafnframt segir að PFS sé heimilt þegar sérstakar aðstæður krefjast þess að samþykkja notkun annarra afskriftaraðferða og að taka tillit til hugsanlegs hrakvirðis eignar. Í 9. gr. reglugerðarinnar segir ennfremur að reikna skuli kostnað af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu.

Hægt er að meta fjárfestingar með ýmsum hætti. Mögulegt er að nota markaðsverð, vísitölu eða aðrar nálganir. Oftast þarf að reikna með að búnaður sé endurnýjaður með nýrri búnaði en

fyrir er vegna tækni- og verðþróunar, enda er eldri búnaðurinn oft ekki framleiddur lengur. Grundvallaratriðið er að miða við að nýr búnaður uppfylli kröfur um sambærileg afköst og gæði þjónustu (MEA²⁶).

Síminn nálgast sviptivirði (GRC) á grundvelli sögulegs kostnaðar. Síminn leggur til grundvallar bókfært kostnaðarverð (GBV), framreiknað til meðalverðlags ársins 2008 skv. neysluverðsvísitölu og að teknu tilliti til allt að -4% raunlækkunar búnaðar á ári (1997-2008). Niðurstaða Símans er að stofnverð fjárfestinga í talsímaneti fyrirtækisins sé samtals [...] millj. kr. á verðlagi ársins 2008.

Síminn beitir verðbreytinga (*tilt*) árgreiðsluáferð þar sem tekið tillit til væntrar raunverðþróunar búnaðar. Síminn miðar almennt við -4% raunverðþróun búnaðar í talsímaneti sínu og [...] raunávöxtunarkröfu (*WACC real*) og nemur árgreiðsla samkvæmt útreikningum Símans [...] millj. kr. PFS telur réttara að nota árgreiðsluáferð sem tekur mið af línulegri afskrift fjárfestinga (*straight-line depreciation method*) þegar byggt er á sögulegum kostnaði. PFS tekur þess vegna ekki afstöðu til þeirra verðbreytingagilda sem Síminn notar til að endurspeglar raunlækkun búnaðar. Jafnframt telur stofnunin réttara að miða við hærri raunávöxtunarkröfu (8,5%) en Síminn gerir.

Samkvæmt upplýsingum Símans er fjárfesting í talsímaneti fyrirtækisins að mestu leyti afskrifuð í bókhaldi félagsins þrátt fyrir að áður afskrifaðar eignir hafi verið endurmetnar í bókhaldi félagsins.

Síminn lengir líftíma frá bókhaldslegum líftíma með nálgun á hagrænum líftíma²⁷ sem skilgreindur er sem lengri líftíminn þegar borinn er saman bókhaldslegur líftími við núverandi raun líftíma. PFS fellst ekki á framangreinda aðferð Símans við mat á hagrænum líftíma. PFS telur rétt að miða við hagrænan líftíma frekar en bókhaldslegan líftíma því fræðilega séð er rétt að dreifa eða afskrifa fjárfestingarkostnaðinn á hagrænan líftíma fjármunarins. Hagrænn líftími varanlegs rekstrarfjármunar er sá tími sem hann endist í atvinnustarfseminni, þ.e. frá því að fjármunurinn er tilbúinn til notkunar í rekstri og þar til hann verður ónothæfur eða úreldur t.d. vegna tækninýjunga. Ákvörðun afskriftartíma einstakra eigna er hins vegar alls ekki auðveld og verður því að líta til reynslu af endingartíma tiltekinna eignaflokka sem grófa nálgun við ákvörðun afskriftarhlutfalls. Ef raunverulegum hagrænum líftíma rekstrarfjármunar er ekki lokið þegar áætluðum líftíma er náð er eðlilegt að miða við hrakvirðið 0 kr. þar sem gera þarf ráð fyrir að endurnýjun eigi sér reglulega stað vegna mikilla tækniframfara á þessu sviði. Að mati PFS er almennt ekki rétt að reikna með í kostnaðarlíkani fyrir talsímaþjónustu með lengri líftíma en 5-10 árum í búnaði og upplýsingakerfum vegna tíðra tækninýjunga á þessu sviði á undanförunum árum.

Fram kemur í kostnaðargreiningu Símans að fyrirtækið getur ekki lagt fram sundurliðað kostnaðarverð fjárfestinga úr bókhaldi félagsins vegna fjárfestinga frá árinu 1996 og eldra (við skiptingu Pósts og síma). Viðkomandi fjárfestingar eru því 13 ára og eldri við gerð kostnaðargreiningarinnar sem miðað við árið 2008. Framangreindur stofn frá byrjun árs 1997 er metin sem um [...] af endurmetunum stofni fjárfestingar sem Síminn leggur til grundvallar í kostnaðargreiningu sinni. Jafnframt metur Síminn líftíma alls þessa búnaðar út sem 11,81 ár

²⁶ Modern equivalent asset valuation.

²⁷ Economic lifetime.

í árgreiðslu útreikningum sínum og færir framangreindar fjárfestingar fram til ársins 1997 sem grunn stofnár.

PFS telur ósamræmi í metnum líftíma felast í útreikningum Símans á stofni fjárfestingar og í árgreiðslu útreikningum. Við mat á endurmetnum fjárfestingum frá árinu 1996 og eldra “1997 fixed voice system” miðar Síminn við tæplega tólf ára líftíma í árgreiðsluútreikningum en ljóst er að þessi búnaður er 13 ára og eldri. Jafnframt er um sambærilegt misræmi að ræða í nokkrum tilfellum varðandi annan búnað, þ.e. misræmi í líftíma við eignamat og í árgreiðsluútreikningum. Síminn hefur áður lýst sig sammála PFS um að framangreint ósamræmi í líftíma við útreikning á stofnverði fjárfestinga og árgreiðsluútreikningum sé til staðar í mati sem byggir á sögulegum kostnaði eigi standist ekki fræðilega.

Síminn eignfærir launakostnað á tímabilinu 1997 til 2008 að fjárhæð [...] millj. kr. Að mati PFS er framangreind eignfærsla ekki studd nægjanlegum gögnum til þess að stofnunin geti samþykkt hana á þessu stigi.

Mikil óvissa er í mati Símans á fjárfestingu í talsímaneti fyrirtækisins og ljóst er að mjög flókið og nánast ógerlegt er að finna raunhæft mat fjárfestingu í talsímaneti Símans á grundvelli sögulegs kostnaðar fyrirtækisins. Kostnaður vegna fjárfestinga vegur þungt í útreikningi á gjaldskrá Símans og því er það mat PFS að ekki sé hægt að byggja á sögulegum kostnaði Símans við mat á kostnaði vegna bundins fjármagns.

Stofnunin bendir einnig á að stærð kerfisins var miðuð við mun meiri umferð en nú er, en umferð náð um 1900 milljónum mínútum árið 2001, en var komin niður í um 500 milljónir mínútna á árinu 2008. Samkvæmt mati Símans er um [...] af fjárfestingarstofni frá árinu 2001 og eldra þegar umferð náði hámarki. Samanburður við verðútreikninga Símans benda einnig til óhagkvæmni.

Sú aðferðarfræði sem Síminn beitir við mat sitt á fjárfestingum í talsímaneti fyrirtækisins er að mati PFS ekki fullnægjandi. PFS gerir athugasendir við eftirfarandi þætti sem hafa veigamikil áhrif á niðurstöðu Símans um endurmat á stofni fjárfestingar og kostnaði vegna afskrifta og fjármagnskostnaðar.

- Ófullnægjandi upplýsingar um búnað frá árinu 1996 og eldra og þar með mati Símans á fjárfestingum frá viðkomandi tímabili.
- Ófullnægjandi upplýsinga um endurmat eigna á árinu 2005.
- Ófullnægjandi upplýsinga um eignfærslu rekstrarkostnaðar á árunum 1997-2008.
- Útreikningur á stofni fjárfestinga er í veigamiklum tilfellum ekki í samræmi metinn líftíma viðkomandi búnaðar.
- Almennt miðar Síminn við of langan líftíma í árgreiðsluútreikningum fyrirtækisins að mati PFS.
- PFS telur rétt að beita línulegri afskrift við útreikning árgreiðslu í staða verðbreytinga árgreiðsluáðferðar sem Síminn notar.
- Misræmi er í líftíma við mat fjárfestingastofns og í útreikningi árgreiðslu.

Að öllu framangreindu virtu telur PFS ekki raunhæft að stofn fjárfestingar í talsímaneti fyrirtækisins byggir á sögulegum kostnaði úr bókhaldi Símans, þar sem gögn félagsins eru ófullnægjandi.

PFS telur að ef leggja eigi mati á fjárfestingar í talsímaneti Símans á grundvelli núverandi uppbyggingar kerfis fyrirtækisins, í kostnaðargreiningu á talsímaþjónustunni, verði slíkt mat að byggjast á endurkaupsverði kerfisins. Slíkt mat væri óháð kostnaði í bókhaldi Símans og miðað við að búnaður væri endurnýjaður með nýrri búnaði en fyrir er vegna tækni- og verðþróunar, enda er eldri búnaðurinn oft ekki framleiddur lengur. Grundvallaratriðið er að miða við að nýr búnaður uppfylli kröfur um sambærileg afköst og gæði þjónustu.“

3.4 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Stofn fjárfestinga og líftími

Eftirfarandi kom meðal annars fram í endurskoðaðri kostnaðargreiningu sem Síminn sendi til PFS þann 19. apríl sl.:

„Eins og áður hefur komið fram reyndist erfitt að nálgast sögulegt kostnaðarverð þeirra fjárfestinga sem nýttar eru í talsímkerfinu í fyrri kostnaðargreiningu. Meginskýringin er að margar af þeim eignum sem enn eru í fullri notkun eru frá því fyrir árið 1997 þegar Póstur og sími hf. (síðar Landssími Íslands hf.) var stofnaður og því erfitt að nálgast sögulegt kostnaðarverð í núverandi upplýsingakerfi félagsins.

Til að meta fjárbindingu í talsímkerfinu var því reynt að nálgast sviptivirði fjárfestinganna út frá endurstofnverði. Metið er hvert endurstofnverð sambærilegs kerfis yrði miðað við núverandi verðlag og aðstæður. Gert er ráð fyrir núverandi uppbyggingu og fjölda staða s.s. varðandi símstöðvar og útstig. Notuð er sambærileg skipting niður á eignaflokka og gert var í fyrri greiningu þannig að auðveldlega megi færa niðurstöðu úr útreikningum inn í líkan sem AM vann fyrir Símann og PFS hefur aðgang að.

Niðurstaðan er notuð til að reikna árgreiðslu miðað við áætlaðan líftíma eignanna og veginn meðalkostnað fjármagns (WACC). Þannig er fengin árgreiðsla fjárfestinga sem ásamt rekstrarkostnaði myndar grunn að verðskrá fyrir talsímaþjónustu á ofangreindum mörkuðum.

Endurstofnverði er jafnframt skipt niður á markaði 1-2 (aðgangur að almennu talsímaneti) annarsvegar og markaði 8-10 hinsvegar með sömu forsendum og gert var í fyrri greiningu.

Reynt var að nálgast með sem nákvæmstum hætti endurstofnverð fyrir hvern og einn eignaflokk. Matið byggir á raunkostnaði á nýlegum fjárfestingum, verðskrár frá birgjum og mat starfsmanna heildsölu Símans. Einnig var upphaflegt bókfært verð sem og listi yfir tryggingaverðmæti eigna í talsímakerfinu haft til hliðsjónar við matið.

Endurstofnverð (sviptivirði) talsímakerfis Símans

[...]

Miðað við ofnagrent er áætlað endurstofnverð fjárfestinga á markaði 8-10 samtals [...] m.kr. og árgreiðsla [...] m.kr.²⁸. Til að gæta varúðar við mat á endurstofnverði sem og til að gera kerfið sem hagkvæmast hefur þeim eignum/eignaflokkum verið sleppt sem ekki myndi verða fjárfest í ef kerfið væri endurbyggt í dag. Þetta á t.d. við um fjárfestingu fyrir SMS í fastlínu (Fixed SMS platform) og fleiri eignir sem voru hluti af fjárfestingastofni í fyrri greiningu en eru núna teknar út og hafa því ekki áhrif á verð.“

3.5 Afstaða PFS – Stofn fjárfestinga og líftími

PFS telur að ef leggja eigi mati á fjárfestingar í talsímaneti Símans á grundvelli núverandi uppbyggingar kerfis fyrirtækisins verði slíkt mat að byggjast á endurkaupsverði (sviptivirði) kerfisins em ekki á sögulegum kostnaði eins og koma fram í fyrirhugaðri ákvörðun PFS.

Slíkt mat væri óháð kostnaði í bókhaldi Símans og miðað við að búnaður væri endurnýjaður með nýrri búnaði en fyrir er vegna tækni- og verðþróunar, enda er eldri búnaðurinn oft ekki framleiddur lengur. Grundvallaratriðið er að miða við að nýr búnaður uppfylli kröfur um sambærileg afköst og gæði þjónustu.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að leggja skuli mat á virði þeirra fjárfestinga sem krafist er til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Í þeim tilgangi að líkja sem mest eftir aðstæðum á

²⁸ Til samanburðar er heildar tryggingaverðmæti hluta þeirra eigna sem tilheyra mörkuðum 1,2,8,9 og 10 samtals [...] ma.kr. (inn í þessu mati er t.d. ekki miðlægur hugbúnaður og heildsölu reikningagerðarkerfi) á meðan endurstofnverð allra eigna á sömu mörkuðum er hér metið [...] m.kr. Tryggingaverðmæti er metið með sömu aðferðafræði og hér er gert þ.e. reynt er að nálgast endurstofnverð viðkomandi eigna í hverju húsi fyrir sig. Þetta þykir styðja að ofangreint endurstofnverð sé síst ofmetið.

samkeppnismarkaði skal við þessa ákvörðun nota sviptivirði starfsmáttarfjármagns sem aðferð.

Reikna skal með að búnaður sé endurnýjaður með nýrri búnaði en fyrir er vegna tækni- og verðþróunar, enda er eldri búnaðurinn oft ekki framleiddur lengur. Grundvallaratriðið er að miða við að nýr búnaður uppfylli kröfur um sambærileg afköst og gæði þjónustu (MEA).

Í endurskoðaðri kostnaðargreiningu hefur Síminn lagt fram mat á sviptivirði talsínakerfis síns þar sem tekið hefur verið tillit til framangreindra sjónarmiða um mar á búnaði og einnig hefur mat á líftíma verið endurskoðað samhliða.

Niðurstaða PFS er að samþykkja endurskoðað mat Símans og er sviptivirði talsímakerfis Símans metið [...] millj. kr. og árgreiðsla [...] millj. kr.

3.6 Upphafleg kostnaðargreining Símans - Rekstrarkostnaður

Í kostnaðargreiningu Símans kom fram yfirlit yfir rekstrarkostnað talsímanets fyrirtækisins á árinu 2008. Síminn byggði á sögulegum kostnaði úr SAP fjárhagsbókhaldi sínu á árinu 2008 og heimfærði kostnað á rekstur talsímanets félagsins í samræmi við bókhaldslega aðgreiningu. Síminn flokkaði síðan upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi og heimfærði á einstakar heilsöluþjónustur.

Niðurstaða Símans var sú að rekstrarkostnaður talsímanetsins á heildsölustigi væri [...] millj. kr. á árinu 2008, en [...] millj. kr. að metöldum reiknuðum kostnaði vegna fjárbindingar í veltufjármunum að fjárhæð tæplega [...] millj. kr. Kostnaðurinn skiptist þannig að kostnaður sem heimfærður var beint á kostnaðarbera (*Opex activities*) væri [...] millj. kr. og sameiginlegur kostnaður væri [...] millj. kr. sem dreift er hlutfallslega.

Eftirfarandi er kostnaðaryfirlit fyrir árið 2008 þar sem rekstrarkostnaður er flokkaður eftir tegund kostnaðar (*Opex by category*).

[...]

3.7 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Rekstrarkostnaður

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., vegna fyrirhugaðar ákvörðunar stofnunarinnar:

„Greining Símans á rekstrarkostnaði talsímanets fyrirtækisins byggir á upplýsingum úr SAP fjárhagsbókhaldi félagsins fyrir rekstrarárið 2008. Niðurstaða Símans er sú að rekstrarkostnaður talsímanetsins á heildsölustigi sé [...] millj. kr. á árinu 2008, en [...] millj. kr. að metöldum reiknuðum kostnaði vegna fjárbindingar í veltufjármunum að fjárhæð tæplega [...] millj. kr. Síminn skiptir svo kostnaðinum með þeim hætti að kostnaður sem heimfærður er beint á kostnaðarbera er [...] millj. kr. og sameiginlegur kostnaður er [...] millj. kr.

PFS hefur yfirfarið forsendur, útreikninga og niðurstöðu Símans yfir rekstrarkostnað (*opex*) farsímanetsins á heildsölustigi. Einnig hefur PFS yfirfarið gögn úr tölfræðisöfnun stofnunarinnar fyrir árið 2008 og yfirlit yfir bókhaldslega aðgreiningu í rekstri Símans í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað vegna reksturs talsímanetsins.

PFS lagði kvöð á Símann um kostnaðarbókhald fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala. Síminn skyldi afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi upphaf, lúkningu og flutning símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. PFS telur nokkuð skorta upp á að framkvæmd Símans á þessu sviði sé fullnægjandi.

PFS telur að Síminn þurfi að skýra mun betur en fram kemur í kostnaðargreiningu hvað liggja á bak við helstu kostnaðarliði sem tilgreindir eru. PFS veur sérstaklega athygli á kostnaði vegna leigulína og yfirstjórnar. Kostnaður vegna leigulína nemur um [...] millj. kr. eða [...] og vegna yfirstjórnar [...] millj. kr. eða [...] af heildar rekstrarkostnaði. Mjög takmörkuð sundurliðun liggur á bak við þessar kostnaðartölur sem samtals nema um [...] af tilgreindum rekstrarkostnaði ársins. Einnig er óvissu um aðra kostnaðarliði, s.s. í símsstöðvum.

PFS telur að gera þurfi betri grein fyrir uppruna kostnaðar við rekstur talsímanets Símans á heildsölustigi. Á það jafnt við um greiningu á því hvaða kostnaður talsímanetsins á heildsölustigi tilheyrir upphafi, lúkningu og umflutningi símtala annars vegar og hvað tilheyrir öðrum þáttum í talsímaneti fyrirtækisins hins vegar. Sérstaklega á það við um innri þjónustu.

Til að PFS geti lagt mat á framangreindan kostnað þurfa að liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um kostnað, skiptireglur, magntölur o.fl. þar sem það á við. Jafnframt er þörf á að gera breytingar á framsetningu vegna heildsölu talsímanets í yfirliti um bókhaldslegan aðskilnað, þannig að yfirlitið nýtist til afstemmingar við yfirferð á kostnaðargreiningu á talsímapjónustu félagsins.

Það er mat PFS að vegna óvissu um ýmsa liði rekstrarkostnaðar talsímanetsins sé á þessu stigi ekki mögulegt að leggja mat á niðurstöðu kostnaðargreiningar Símans hvað varðar rekstrarkostnað, án ítarlegri skýringa og sundurliðana einstakra liða.“

3.8 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Rekstrarkostnaður

Eftirfarandi kom fram í endurskoðaðri kostnaðargreiningu sem Síminn sendi til PFS þann 19. apríl sl.:

„Í endurskoðaðri kostnaðargreiningu fyrir markaði 8-10 er miðað við sögulegan rekstrarkostnað ársins 2008 eins og hann var skilgreindur í kostnaðargreiningu sem send var PFS í september 2009. Að auki hafa verið gerðar neðangreindar breytingar:

- Kostnaður vegna leigulína hefur verið lækkaður um [...] m.kr. Rökin fyrir lækkun eru þau að frá 2008 hefur Síminn hagrætt talsvert í samböndum í talsímakerfinu. Það hefur leitt til þess að kostnaður vegna sambanda hefur lækkað og þykir rétt að taka tillit til þeirrar gjaldalækkunar í kostnaðargreiningunni.
- Hlutdeild talsímakerfis í sameiginlegum kostnaði Símans (yfirstjórnar- og stoðeildakostnaður) var [...] m.kr. fyrir árið 2008. Rétt þykir að setja markmið hér um lækkun á kostnaði m.a. vegna minnkandi umsvifa í talsímakerfinu. Því er þessi kostnaður lækkaður um [...] eða um [...] m.kr.
- Innri vinna vegna símaskrárbjónustu („Directory enquiries“ eða OPS/OTN kerfis) tekinn út, samtals [...] m.kr.
- Innri vinna sem gjaldfærð var á símsstöðvar (e. Local Exchange) er lækkuð um [...] m.kr.

[...]

Samtals eru rekstrargjöld ársins 2008 þannig lækkuð um tæplega [...] m.kr. eða rúmlega [...] af rekstrarkostnaði ársins 2008 miðað við upphaflega kostnaðargreiningu og raunkostnað ársins 2008.“

3.9 Afstaða PFS – Rekstrarkostnaður

Í boðunarbréfi PFS til Símans um fyrirhugaða ákvörðun taldi stofnunin þörf á að undirbyggja og greina betur rekstrarkostnað talsímakerfis Símans. Átti það sérstaklega við um kostnaðar vegna leigulína og yfirstjórnar.

Í endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans hefur fyrirtækið að talsverðu leyti tekið tillit til sjónarmiða PFS sem fram komu í fyrirhugaðri ákvörðun stofnunarinnar um þörf nánari greiningu á kostnaði við rekstur talsímakerfisins.

Niðurstaða Símans vegna rekstrarársins 2008 er sú að heimfærður rekstrarkostnaður talsímanetsins á heildsölustigi sé [...] millj. kr. á árinu 2008, en [...] millj. kr. að metöldum reiknuðum kostnaði vegna fjárbindingar í veltufjármunum. Lækkun kostnaðar frá upphaflegu kostnaðargreiningunni byggir fyrst og fremst á lækkun á leigulínu- og yfirstjórnunarkostnaði.

Þrátt fyrir að PFS telji þörf á frekri greiningu rekstrarkostnað þá er það niðurstaða stofnunarinnar að samþykkja mat Símans á rekstrarkostnaði talsímakerfis fyrirtækisins sé [...] millj. kr. fyrir árið 2008.


3.10 Upphafleg kostnaðargreining Símans - Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar:

„Í viðauka A²⁹ er gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem notuð er í kostnaðargreiningunni á þjónustu í talsímaneti Símans. Lýst er uppbyggingu líkansins og virkni þess, og síðan er gerð nánari grein fyrir uppruna gagna, reglum um heimfærslu kostnaðar og staðsetningu framangreindra atriða í líkaninu.

Yfirlit yfir kostnaðarlíkan sem byggir á heimfærslu kostnaðar (*FAC*) í talsímaneti Símans er sýnt á eftirfarandi mynd.

Yfirlit yfir uppbyggingu líkansins³⁰



Heimild: Analysys Mason

Líkanið virkar með eftirfarandi hætti.

Upplýsingar um rekstrarkostnað (*cost accounts*) ársins 2008 eru tekin beint úr SAP bókhaldkerfi Símans og gögn um fjárfestingaeignir (*assets*) koma úr eignabókhaldi Símans (*FAR*). Kostnaður sem síðan er byggt á í líkaninu inniheldur einnig fjármagnskostnað og afskriftir.

Framangreindur kostnaður er heimfærður á kostnaðarbera (*activities*) sem Síminn notar við afhendingu á talsímaþjónustu, með því að tengja við kostnaðarvaka (*unit cost driver*) og reglur í útdeilingu kostnaðar. Heildar fjárfestingarkostnaður við viðkomandi kostnaðarbera er reiknaður sem afskrift auk fjármagnskostnaður, en rekstrarkostnaður er færður beint á kostnaðarberann.

Fjárfestingar- og rekstrarkostnaður fyrir kostnaðarbera (*Capex and Opex activities*) er síðan heimfærður á 25 verkþætti³¹ (*cost components*). Verkþættirnir eiga að sýna þá kerfisþætti sem leggja til framlag vegna talsímaþjónustu sem Síminn býður uppá. Síðan er árlegur kostnaður vegna fjárfestinga og reksturs reiknaður fyrir hverja þjónustu fyrir sig.

²⁹ Annex A: Cost calculation methodology.

³⁰ „Figure A.1“ í Annex A7AM.

³¹ Sbr. kafli „A.3.1 Cost componets“ í Annex A.

Yfirlit yfir verkþætti og kostnaðarvaka³²

<i>Cost component</i>	<i>Unit cost driver (measure)</i>	<i>Cost component</i>	<i>Unit cost driver (measure)</i>
Local switching	Conveyed minute / network events	B-channel internet	Conveyed equivalent minute / network events
RSS-LE transmission	Conveyed minute / network events	Directory services	Conveyed minute / network events
RSS	Conveyed minute / network events	Emergency services	Conveyed minute / network events
Transit switching	Conveyed minute / network events	Voicemail service	Conveyed minute / network events
Local-transit interswitch	Conveyed minute / network events	Fixed SMS	Conveyed equivalent minute / network events
Interconnection charge to OAO connection	Connection of OAO	0800/0900 services	Conveyed minute / network events
Interconnection charge to OAO yearly	Interconnected OAOs	Wholesale billing	Wholesale events
Interconnection for calls	Conveyed minute / network events	IN system	IN query
International switching	Conveyed minute / network events	OSS	Unit
International transmission	Conveyed minute / network events	General and Admin	Unit
D-channel card reader	D-channel card reader sub	IT systems	Unit
D-channel internet always-on	D-channel internet subscriber		

Þegar Síminn metur mismunandi tegundir umferðar hjá einstökum kostnaðarberum þá er mismunandi tegund umferðar umreiknuð yfir í talmínútur, t.d. 1 SMS jafngildir [...] talmínútum.

Þegar meta þarf kostnað verkþátta á ýmsum grunn kostnaðarstöðvum talsímanetsins er þörf á flóknari leiðarstuðlum (*routing factors*) til að ákvarða einingarverð, en mælingum sem byggja eingöngu á magni, til að mögulegt sé að sýna mismunandi notkun og álag búnaðar vegna mismunandi tegundar umferðar á viðkomandi stöðum. Eftirfarandi töflur sýna helstu leiðarstuðla sem notaðir eru í kostnaðarlíkani Símans til að endurspeglar samhengi tegundar umferðar og þess álags og kostnaðar sem slíkt veldur á einstökum kerfishlutum talsímanetsins. Um er að ræða stuðla fyrir mínútur (*traffic*) annars vegar og tengingar (*set-up*) hins vegar.

[...]

[...]

³² Sbr. „Figure A 15“ í Annex A.

Alls eru 17 þjónustur³³ kostnaðargreindar í líkani AM. Í eftirfarandi töflu gefur að líta yfirlit yfir umræddar þjónustur og nánari lýsing á þeim.

<i>Service</i>	<i>Description</i>
On-net voice call	Calls originating from and terminating at Síminn subscribers, including voice mail deposits
Off-net (Síminn to OAO) voice origination	Calls originating from Síminn subscribers, and terminating at subscribers of any of the other national fixed or mobile operators
Off-net (OAO to Síminn) voice termination	Calls originating from subscribers of any of the other national fixed or mobile operators, and terminating at Síminn subscribers
Off-net (Síminn to international) voice origination	Calls originating from Síminn subscribers, and terminating abroad
Off-net (international to Síminn) voice termination	Calls originating from abroad, and terminating at Síminn subscribers
Transit call minutes	Calls originating from and terminating at other fixed or mobile operators, transiting through Síminn network
D-Channel card reader	Narrowband data connectivity for Point of Sales card readers using the ISDN D-channel
D-Channel internet always-on	Narrowband data connectivity, part of the Internet Always-On service.
Off-net internet dial-up	PSTN and ISDN B-channel internet dial-up traffic (including that generated by internet always-on subscribers), generated by Síminn subscribers using another operator's dial-in number/platform
On-net internet dial-up	PSTN and ISDN B-channel internet dial-up traffic (including that generated by internet always-on subscribers), generated by Síminn subscribers using a Síminn dial-in number/platform
Call to directory services	Call to directory services
Call to emergency services	Call to emergency services
Call to 0800/0900 services	Call to 0800/0900 services
Interconnection OAO connection charge	One off cost to establish a new interconnection link with another operator, per link
Interconnection OAO yearly charge	Yearly cost associated with maintaining interconnection with another operator, per interconnecting operator
VMS retrieval	Call to the voice mail service to retrieve voice mails
Fixed SMS	Fixed-to-fixed, fixed-to-mobile and mobile-to-fixed SMS service

Figure A.12: List of services included in the model [Source: Analysys Mason]

Síminn leggur til grundvallar í útreikningi á einingarverðum raunmagn umferðar í mínútum (*call volume*) og fjölda tenginga (*call events*) á tímabilinu mars til desember 2008 og

³³ Sbr. kafli „A.2 Services“ í Annex A frá AM/AM.

umreiknar í heilsárstölur fyrir árið. Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir þjónustur og magn á árinu 2008.

[...]

Hverri þjónustu tengist magn, svo að einingarkostnaður viðkomandi þjónustu er leiddur fram með því að heimfæra verkþætti yfir á viðkomandi þjónustu með ákveðnum leiðarstuðlum (*routing factors*). Eftirfarandi flæðirit sýnir feril útreikninga fyrir hverja þjónustu fyrir sig.




Figure A.14: Calculation steps to determine the network usage costs for each service [Source: Analysys Mason]

“

3.11 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar stofnunarinnar:

„PFS telur að Síminn beiti aðferðarfræði sem uppfyllir kröfur PFS um heimfærslu kostnaðar (*FAC*), þar sem kostnaður hefur verið greindur niður á helstu kostnaðartegundir, kostnaðarbera, verkþætti og þjónustur. PFS gerir því ekki athugasemdir við þá aðferðarfræði sem Síminn beitir við heimfærslu kostnaðar á kostnaðarbera, þar sem tekið er tillit til rekstrarkostnaðar, afskrifta og ávöxtunarkröfu þeirra fjármuna sem þarf til að veita viðkomandi talsímaþjónustu.

Jafnframt er það mat PFS að aðferðir og notkun Símans á umbreytingar- og álagsstuðlum við útreikning á kostnaði einstakra þjónustna séu almennt í samræmi við viðurkenndar aðferðir í kostnaðargreiningum á talsímanetum. Hins vegar telur stofnunin að nokkuð skorta upp á að

forsendur fyrir einstökum álagsstuðlum séu nægjanlega tilgreindar og skapar það óvissu í mati við mat á skiptingum kostnaðar á einstakar þjónustur.

PFS bendir á að magntölur vegna umflutnings (*transit*) umferðar um talsímanet Símans eru mjög lágar og virðast ekki í samræmi við tölfræðisöfnun PFS við gerð markaðsgreiningar fyrir markað 10. Framangreint getur haft veruleg áhrif á verð, sérstaklega fyrir viðkomandi þjónustu og telur PFS nauðsynlegt að skoða framangreint atriði ítarlega ef styðjast á við kostnaðargreiningu Símans.

PFS leggur áherslu á að framangreint álit stofnunarinnar felur í sér að stofnunin samþykkir þá aðferðarfræði sem beitt er við heimfærslu kostnaðar á þjónustur, en það álit felur ekki í sér að stofnunin samþykki þar með þann kostnaðargrunn og forsendur sem byggt er á við mati á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði.“

3.12 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar

Fram kom í endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans að fjöldatölur fyrir umflutning símtala (*transit* umferð) hafi verið leiðréttar þar sem þær voru rangar í upphaflegu kostnaðargreiningunni.

3.13 Afstaða PFS – Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar

PFS vísar í fyrri umfjöllun hér að framan um að stofnunin samþykkir í meginatriðum aðferðarfræði sem Síminn beitir við heimfærslu kostnaðar á þjónustur. Jafnframt hefur Síminn brugðist við athugasemd stofnunarinnar vegna umflutnings umferðar.

3.14 Upphaflega kostnaðargreining Símans – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Samkvæmt útreikningi Símans var nafnverðs ávöxtunarkrafan [...] fyrir skatta (pre-tax) byggð á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC). Síminn taldi hins vegar gagnsærra að notast við raunkostnað, þar sem tekið væri tillit til verðbólgu annað hvort við framreikning fjárhæða í samræmi við verðþróun eða í WACC útreikningum. Væri það því niðurstaða Símans að notast við raun ávöxtunarkröfu, og þegar tekið hefði verið tillit til verðbólgu þá væri ávöxtunarkrafan [...] (WACC real) sem notuð væri í kostnaðarútreikningum fyrir talsímanet félagsins.

Fram kom í greiningu AM að útreikningar á WACC prósentu byggðu á mati Símans á einstökum gildum. AM teldi rétt að miða við WACC fyrir skatta sem væri hærra en WACC eftir skatta. Ekki komu fram í greiningunni einstök gildi í WACC formúlu Símans, en fram kom að stuðst væri við CAPM módel eins og PFS gerði.

3.15 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar:

„PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga fyrirhugaðrar ákvörðunar sinnar varðandi WACC útreikninga, m.a. með hliðsjón af framsetningu Símans og komist að eftirfarandi niðurstöðu.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (*Weighted Average Cost of Capital*) er meðaltal fjármagnskostnaðar fyrirtækis. Hann ræðst af því að hversu miklum hluta fjármunir fyrirtækis eru fjármagnaðir með lánsfé annars vegar og eigin fé hins vegar og kostnaði við það fjármagn sem notað er.

Mismunandi aðferðir eru mögulegar til að ákvarða ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir. PFS telur notkun raunvaxtalíkans (*WACC real*) eðlilegasta við útreikning á ávöxtunarkröfu þegar fundin er árgreiðsla fjárfestinga hverju sinni. PFS metur það svo að um raunkostnað sé að ræða þegar byggt er á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu og því eigi að styðjast við raunvexti í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði. Að öðrum kosti verður niðurstaðan bjöguð þar sem verðbólga er innifalinn í nafnvöxtum.

Fjárfestingar sem hafa verið færðar á kostnaðarverði eru framreiknaðar með vísitölu byggingakostnaðar eða annarri vísitölu. Slíkir útreikningar eru liður í mati á raunvirði fjárfestinga hverju sinni þar sem reynt er að nálgast sviptivirði eða endurkaupsverð fjárfestingarinnar á þeim tíma sem er til skoðunar. Hafi fjárfestingar verið metnar til sviptivirðis eða endurkaupsverðs eru þær metnar á verðlagi þess rekstrarárs sem verið er að greina hverju sinni. Rekstrarkostnaður er jafnframt raunkostnaður viðkomandi rekstrarárs sem hafður er til viðmiðunar um kostnað á ársgrundvelli.

PFS gengur út frá því að það verði regluleg endurskoðun á kostnaðarútreikningum og gjaldskrár endurmetnar til hækkunar eða lækkunar út frá niðurstöðu slíks endurmats.

WACC formúla

Til að ákveða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) er notuð eftirfarandi formúla:

$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (D/(D+E))$$

þar sem:

Ke = eiginfjárfestingarkostnaður í prósentum

E = bókfært eigið fé

Kd = lánsfjárfestingarkostnaður í prósentum

D = vaxtaberandi skuldir

Tekið er tillit til skatta (post-tax):

$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (1-t) * (D/(D+E))$$

þar sem:

t = tekjuskattshlutfall

Ávöxtunarkrafa á eigið fé

PFS telur að við ákvörðun á vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC) skuli notast við CAPM líkanið (*Capital Asset Pricing Model*). Helstu rök fyrir notkun CAPM er hversu þægilegt líkanið er í notkun og gegnsætt. Það er einnig mest notaða aðferðarfræðin við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár, en það auðveldar allan samanburð.

Við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár er stuðst við CAPM líkanið:

$$K_e = R_f + \beta * (R_m - R_f)$$

þar sem:

R_f = áhættulausir vextir

R_m = vænt meðalávöxtun hlutabréfamarkaðar

$(R_m - R_f)$ = áhættuálag markaðar

β = beta stuðull sem gefur til kynna áhættu viðkomandi atvinnugreinar í samanburði við markaðinn í heild

Hér fyrir neðan eru helstu breytur í CAPM líkaninu og niðurstaða PFS um hvernig stofnunin ákvarðar þær.

Áhættulausir vextir (risk free rate)

PFS notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (*duration*) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS telur að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegli endingartíma eignanna sem um ræðir auk þess sem sá tími er almennt notaður í verðmötum á fyrirtækjum.

PFS telur rétt að nota meðaltalsvexti þess tímabils sem til skoðunar er, þ.e. eitt ár. Auk þess er litið til meðalvaxta sl. 5 ára og leiðrétt ef óeðlileg frávik koma fram við samanburð framangreindra tímabila. Aðferðinni er ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hafi óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfunu.

Miðað við þessa aðferðarfræði og að árgreiðslan er reiknuð miðað við árið 2008 er notast við HFF 1504 2034 verðtryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Meðalvextir tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2008 eru 4,34% sem er hæsta ársmeðaltalið á tímabilinu 2004 – 2008, en er þó innan eðlilegra vikmarka að mati PFS m.v. 5 ára meðaltal árána 2004 – 2008.

Beta áhættustuðull β (beta parameter)

Að mati PFS er nauðsynlegt að nota viðmið sambærilegra fyrirtækja erlendis, þar sem fjarskiptafélög eru ekki á hlutabréfamarkaði á Íslandi og að valin séu eins samanburðarhæf viðmið og mögulegt er. Byggist umrætt viðmið þá á meðaltali þeirrar atvinnugreinar sem verið er að skoða.

Stuðst er við Bloomberg upplýsingaveituna og miðað við Vestur-Evrópsk samanburðarfélag, sem talin eru sambærilegust við íslensk félag. Niðurstaðan er borin saman við upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum, Ibbotson og fleiri aðilum. Á grundvelli framangreindar aðferðar fæst sú niðurstaða að óvoguð (*unlevered*) beta fyrir fjarskiptafyrirtæki sé almennt á bilinu 0,2 til 0,7. Þessi framsetning, að hafa óvogaða betu á ákveðnu bili, kemur til af því að söfnin eru nokkur og jafnframt skekktu sumar breytur safnið vegna mikilla frávika frá meðaltali og miðgildum.

Er það og niðurstaða PFS að miða skuli við óvogaða betu fyrir Símann 0,52 vegna ársins 2008 og er það í samræmi við meðaltal samanburðarfélaga. Rekstur Símans er stöðugri og áhættuminni en hjá fjarskiptafyrirtækjum almennt hér á landi, vegna markaðsráðandi stöðu Símans á þeim mörkuðum sem félagið starfar á.

Óvogaða betu skal voga (*levered*) miðað við viðeigandi skuldsetningu og skatthlutfall. Nánari umfjöllun um skuldsetningu og skatthlutfall er í samnefndum kafla. Óvoguð beta er voguð í samræmi við Modigliani-Miller Formula, en þá er tekið tillit til áhættu vegna skuldsetningar, auk skatthlutfalls, sbr. neðangreinda formúlu:

$$\beta_{assets} = \beta_{equity} / (1 + (1-t) * (D/E))$$

þar sem:

Beta assets β_{assets} jafngildir óvogaðri betu og beta equity β_{equity} jafngildir vogaðri betu.

Markaðsálag (market risk premium)

Markaðsálag hefur sögulega verið á bilinu 4-7%. Mismunandi er hvaða tala á þessu bili er notuð við verðmat fyrirtækja. PFS miðar við sögulegt álag áhættulausa vaxta. Þar sem álag langt aftur í tímann er skoðað þarf mikla breytingu til lengri tíma til að hafa áhrif á markaðsálag. PFS tekur einnig tillit til ERG/IRG samanburðar (*benchmark*) frá sl. árunum og ber saman við það sem almennt gerist hér á landi.

PFS telur rétt að notast við 5,0% markaðsálag, sem er í samræmi við framangreindar forsendur, en vegna aðstæðum á markaði á Íslandi á síðustu misserum þá metur PFS álagið 5,5% í kostnaðargreiningu ársins 2008. PFS áskilur sér rétt að endurskoða markaðsálag árlega.

Vaxtaálag (specific debt premium)

PFS hefur lagt til að notast verði við raunávöxtun eins og áður hefur komið fram. Raunvextir skulda bera síðan ákveðið vaxtaálag sem endurspeglar markaðsaðstæður hverju sinni. Þetta álag er ákvarðað af PFS. Þannig er ekki verið að refsa eða umbuna aðilum sem hafa ekki skuldsett fyrirtæki sín á hagkvæmasta hátt. PFS mun gefa út skuldaálag sem nota skal ár hvert.

Ef horft er til erlends samanburðar er algengt að álag sé á bilinu 1–2%, en hér á landi hefur verið algengara að álagið hafi verið á bilinu 2–3%.

PFS mælir fyrir um að 2,5% skuldaálag verði notað, þó færa megi rök fyrir lægra álagi vegna ársins 2008. PFS bendir á að stofnunin horfir til álags á markaði en ekki á viðkomandi félag við ákvörðun vaxtaálags. Álagið er í samræmi við þau kjör sem fyrirtæki hérlendis hafa fengið á síðustu misserum og að teknu tilliti til aðstæðna á markaði, en einnig er tekið tillit til þess að miðað er við langtímalántöku.

Skuldahlutfall (gearing)

Í 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 segir að miða skuli við lögbundinn ársreikning viðkomandi fyrirtækis og að reikna skuli hlutfallið á milli eigin fjár og vaxtaberandi skulda. Þrátt fyrir að PFS líti á Símann og Mílu sem eina efnahagslega einingu (*single economic unit*) í samkeppnislegu tilliti þá telur stofnunin rétt í þessu tilfelli að miða við efnahag hvers fyrirtækis um sig þegar skuldahlutfall er reiknað.

Í árslok 2008 námu vaxtaberandi skuldir Símanns 56,4 milljarðar kr. og eigið fé félagsins 25,3 milljarðar kr. skv. efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2008. Fyrir árið 2008 gildir því skuldahlutfallið 69% fyrir Símann.

Skatthlutfall (tax rate)

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 skal taka tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar er reiknað. Miðað er við WACC fyrir skatta af eigin fé sem sýnir þá ávöxtun sem reksturinn þarf að skila til að eigendur fái eðlilegan arð af fjárfestingu sinni, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis lánsfjár.

PFS telur að tekjuskatthlutfall fyrirtækja hverju sinni sé besti mælikvarðinn við útreikning á WACC. Notkun þess er mun gagnsærri og einfaldari heldur en notkun virks skatthlutfalls (*effective tax rate*). PFS hefur því í hyggju að notast við gildandi skatthlutfall á viðkomandi tímabili hverju sinni í þessum útreikningum, sem var 15% á árinu 2008.

Niðurstaða PFS um ávöxtunarkröfu (WACC)

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við fyrirhugaðar forsendur PFS sem lýst hefur verið hér að framan er sýndur í töflunni hér að neðan:

Útreikningur á raunávöxtunarkröfu Símans

Áhættulausir vextir	4,34%
Óvoguð beta	0,52
Voguð beta	1,50
Skuldir/eigið fé	2,23
Markaðsálag	5,50%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	12,61%
Áhættulausir vextir	4,34%
Skuldaálag	2,50%
Kostnaður skulda	6,84%
Vaxtaberandi skuldir %	69,00%
Eigið fé %	31,00%
Skatthlutfall	15,00%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,81%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	12,61%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	14,84%
WACC	8,61%

Niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (*WACC real*) fyrir Símans er 8,6% fyrir árið 2008. Reiknað er með ávöxtunarkröfu eiginfjár fyrir skatta, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis vaxta af lánsfé. Reiknað er með ávöxtunarkröfu eigin fjár fyrir skatta, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis vaxta af lánsfé í samræmi við reglugerð nr. 960/2001 og fyrri niðurstöðu PFS sem staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009.

Síminn metur hins vegar raunávöxtunarkröfuna (*WACC real*) [...] kostnaðarútreikningi sínum.“

3.16 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Fram kom hjá Símanum að miðað væri við í endurskoðaðri kostnaðargreiningu fyrirtækisins að meðalkostnaður fjármagns fyrir Símann árið 2008 væri 8,61% sem væri í samræmi við ákvarðanir PFS í fyrri kostnaðargreiningum.

3.17 Afstaða PFS – Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Með vísun til fyrr umfjöllunar hér að framan í kafla 3.15 þá er niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (WACC real) fyrir Símans **8,6%** fyrir árið 2008.

3.18 Upphafleg kostnaðargreining Símans – Veltufjárbinding

Síminn taldi rétt að gert væri ráð fyrir fjármögnun veltufjármuna (*working capital*) til að starfshæfni viðkomandi rekstrareiningar væri tryggð og kostnaður fjárbindingar metinn. Veltufjárbinding komi ekki fram í bundnu fjármagni vegna fjárfestingar í farsímaneti eða rekstrarkostnaði. Ráðgjafi Símans (AM) taldi rétt að miðað væri við veltufé sem samsvarar 30 daga útgjöldum og að ávöxtunarkrafa sé reiknuð af því fjármagni, í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegum útreikningum eftirlitsstofnana. Kostnaður af veltufjárbindingunni væri því reiknaður sem 30 dagar/365 dagar x WACC [...] og næmi um [...] millj. kr. á árinu 2008.

3.19 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Veltufjárbinding

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar:

„Þegar lagt er af stað í fjárfestingu er eðlilegt að gera ráð fyrir að binda þurfi fjármagn til að viðhalda rekstrarhæfni og þar með gera fjármagnskröfu á þessa fjárbindingu, sem endurspeglar þá þjónustu sem fjárfestingin snýr að. Þjónustustig sem felst í veltufjárbindingu er háð fjárhagsskipan félagsins, en veltufé er fjármagnað með eigin fé og skuldum. Meta þarf því í hverju tilfelli fyrir sig hve mikil fjárbindingin þarf að vera svo að þjónustustig sé í lagi, en slíkt getur oft verið flókið að meta.

Með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009 í máli Mílu gegn PFS og almennri framkvæmd í kostnaðargreiningum á farsímanetum, hyggst PFS fallast á aðferð Símans við mat á fjárbindingu í veltufjármunum. Þar sem PFS hyggst ákvarða hærri ávöxtunarkröfu en Síminn notar þá hækkar þessi liður í samræmi við hækkun kröfunnar. Nemur kostnaðar af veltufjárbindingu um [...] millj. kr. á árinu 2008 m.v. WACC 8,6%. „

3.20 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Veltufjárbinding

Miðað við leiðréttan rekstrarkostnað og að teknu tilliti til WACC prósentu sem PFS leggur til þá er veltufjárbinding metin um [...] millj. kr. á ári.

3.21 Afstaða PFS – Veltufjárbinding

Með vísun til fyrri umfjöllunar hér að ofan er það niðurstaða PFS að veltufjárbinding skuli metin [...] millj. kr. fyrir árið 2008 og byggir það á endurskoðuðu mati á rekstrarkostnaði ársins og WACC prósentunni 8,6%.



4 Samandregin niðurstaða

4.1 Upphafleg kostnaðargreining Símans – Niðurstaða

Niðurstaða upphaflegu kostnaðargreiningar Símans var að heildsölutekjur talsímanets Símans þyrftu að nema [...] millj. kr. m.v. forsendur ársins 2008.

Síminn dreifði framangreindum kostnaði á einstakar þjónustur á grundvelli fjölda aðgerða (tengingar) og magni umferðar (mínútur) og reiknaði meðalkostnað þjónustueiningar, skipt í tengigjald og mínútugjald. Síminn reiknaði með sama verði fyrir landið allt.

Eftirfarandi er tafla yfir einingarverð sem líkan Símans leiddi fram. Um er að ræða vegið meðalverð.

[...]

Að lokum umreiknar Síminn framangreindan meðalkostnað á mínútu í dagtaxta og kvöld-, nætur- og helgartaxta (KNH) í samræmi við framsetningu á núverandi gjaldskrá.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu Símans yfir helstu heildsöluverð fyrir símtöl í talsímaneti fyrirtækisins miðað við verðlag ársins 2008.

Niðurstaða Símans um verðskrá fyrir talsímaþjónustu

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Dagtaxti kr./mín.	KNH taxti kr./mín.	Meðal kr./mín.
Innankerfis (on-net)	[...]	[...]	[...]	[...]
Upphaf (origination)	0,74	1,29	0,76	1,05
Lúkning (termination)	1,08	1,29	0,76	1,05
Flutningur (transit)	0,44	0,31	0,15	0,24

AM gerði jafnframt verðsamanburð (*benchmark*) f.h. Símans á framangreindri niðurstöðu sinni á kostnaðargreindum verðum við verð sem AM sagði að væru handbær í öðrum löndum og komst að þeirri niðurstöðu að verð Símans færu úr því að vera með þeim lægstu í Evrópu í hóp með þeim hæstu. Síminn miðaði í samanburði sínum við upphafsverð á mínútu miðað við 3ja mínútna símtal í gegnum skiptistöðvar (*single transit*) á dagtaxta (*peak*)³⁴. Af 17 löndum sem tekin voru með í samanburði á upphafsgjöldum þá fór Síminn úr 2. sæti í 14. sæti. Ef lúkningarverð voru borin saman þá fór Síminn úr 3. sæti í 19. sæti af 29 löndum.

Niðurstaða Símans fól í sér að upphafs- og lúkningarverð skyldu hækka um 131% og 148% hvort um sig frá núverandi verðskrá m.v. framangreindar forsendur.

³⁴ Miðað við verð eins og þau voru á árinu 2008. Umreiknuð miðað við gengið 1 EUR = 147,32 kr. 1. okt. 2008.

Nánar er fjallað um aðferðarfræði sem beitt var í upphaflegri kostnaðargreiningu Símans í köflum hér að framan og í Viðauka A með kostnaðargreiningu AM, sem er fylgiskjal með ákvörðun PFS, auk excel skjala sem talin eru upp í viðauka B frá AM.

4.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS – Niðurstaða

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS, dags. 4. febrúar sl., um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar:

„Í samræmi við kvaðir um eftirlit með gjaldskrá á mörkuðum 8, 9 og 10 tekur PFS mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. Einnig metur PFS út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og samanburð við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra er að styðjast við LRIC³⁵ aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin (*efficient operator*), tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum eða notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Upphafleg kostnaðargreining Símans

Niðurstaða kostnaðargreiningar Símans felur í sér hækkun á heildsölutekjum vegna upphafs og lúkningar í talsímaneti fyrirtækisins sem nemur um 140% á ársgrundvelli.

Eftirfarandi tafla sýnir hækkun á helstu liðum í verðskrá félagsins.

Hækkun verðskrár m.v. kostnaðargreiningu Símans/AM

<i>Þjónusta</i>	<i>Tengigjald kr./símtal</i>	<i>Dagtaxti kr./mín.</i>	<i>KNH taxti kr./mín.</i>
Innankerfis	-	-	-
Upphaf	9%	193%	192%
Lúkning	59%	193%	192%
Flutningur	193%	3%	0%

Ef borinn er saman kostnaður við 3ja mínútna símtal á dagtaxta miðað við núverandi verðskrá og niðurstöðu úr kostnaðargreiningu Símans þá fæst eftirfarandi niðurstaða um verð símtals og hækkun.

Kostnaður símtals miðað við 3ja mín. símtal á dagtaxta, kr. á mín.

³⁵ Long-run incremental costs; Langtíma viðbótarkostnaður: Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur. Önnur útfærsla af LRIC er langtíma meðaltals viðbótarkostnað (LRAIC) en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað.

Þjónusta	Núverandi gjaldskrá	Kostn.gr. AM	Hækkun %
Upphaf	0,67	1,54	130%
Lúkning	0,67	1,65	146%
Tengigjald	0,35	0,46	31%

Vegna hás fastakostnaður veldur minnkandi umferð innbyggðri óhagkvæmni sem Síminn á erfitt með að bregðast við miðað við núverandi uppbyggingu talsímanetsins. Talsímanet Símans er byggt upp sem PSTN símkerfi fyrir mun meiri umferð en nú er til staðar og nýtur því ekki nema að hluta til hagkvæmni vegna nýjustu tækni eða stærðar.

Þegar gjaldskrá styðst við sögulegan kostnað hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti.

Sú aðferðarfræði sem Síminn beitir við mat sitt á fjárfestingum í talsímaneti fyrirtækisins er að mati PFS ekki fullnægjandi. PFS gerir athugasemdir við ýmsa þætti sem hafa veigamikil áhrif á niðurstöðu um mat á stofni fjárfestinga og kostnaði vegna afskrifta og fjármagnskostnaðar. PFS telur ekki raunhæft að stofn fjárfestingar í talsímaneti fyrirtækisins byggji á sögulegum kostnaði úr bókhaldi Símans, þar sem gögn félagsins eru ófullnægjandi.

Það er mat PFS að vegna óvissu um ýmsa liði rekstrarkostnaðar talsímanetsins sé á þessu stigi ekki mögulegt að leggja mat á niðurstöðu kostnaðargreiningar Símans hvað varðar rekstrarkostnað, án ítarlegra skýringa og sundurliðana einstakra liða.

Þrátt fyrir að PFS samþykki þá aðferðarfræði sem beitt er við heimfærslu kostnaðar á þjónustur, felur það álit stofnunarinnar ekki í sér samþykki á þeim kostnaðargrunni og forsendum sem byggt er á við mat á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði. PFS gerir þó athugasemdir við óljósar forsendur hvað varðar skiptireglur og álagsstuðla.

PFS bendir á að magntölur vegna umflutnings umferðar um talsímanet Símans eru mjög lágur og virðist ekki í samræmi við upplýsingar PFS frá markaðsaðilum við gerð markaðsgreiningar fyrir markað 10. Framangreint getur haft veruleg áhrif á verðútreikninga, sérstaklega fyrir viðkomandi þjónustu og telur PFS því nauðsynlegt að skoða framgreint atriði ítarlega. PFS telur líklegt að umflutningsverð geti lækkað töluvert frá núverandi verðlagningu haldist hin mikla umflutningsumferð um talsímanetið vegna þess fyrirkomulags Símans að samtenging talsíma- og farsímaneta fari fram í samtengingarpunkti talsímanetsins.

Jafnframt gerir PFS athugasemdir við ávöxtunarkröfu og þá útreikninga sem leiða af breytingu á henni.

PFS hefur einnig borið niðurstöðu Símans um upphafs- og lúkningarverð við verð fyrir skiptistöðvar (*single transit*) hjá markaðsráðandi fyrirtækjum í Evrópu. Um er ræða 30 lönd innan samtaka evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana (IRG³⁶) þar sem verð fyrir skiptistöðvar eru til staðar. Niðurstaðan er að upphafs- og lúkningarverð samkvæmt kostnaðargreiningu Símans eru í 24-25. sæti af þessum löndum. Eigin verðsamanburður Símans bendir einnig í sömu átt, enda segir í greiningu AM á bls. 2 „...the calculated costs are at the high end of the

³⁶ Independent Regulators Group (IRG).

benchmarks“ eins og sést í gröfum á bls. 3, þar sem borin eru saman verð fyrir skiptistöðvar (*single transit*). Samanburður við innlend lúkningsarverð sýnir jafnframt að reiknuð verð Símans eru mun hærri en hjá samkeppnisaðilum hér á landi. Framangreindur verðsamanburður bendir til þess að talsímaþjónusta Símans geti ekki talist rekin á hagkvæman hátt.

Í samkeppnisumhverfi myndi fjarskiptafyrirtæki keppa á grundvelli núverandi kostnaðar og yrði ekki bættur sá kostnaður sem til hefur verið stofnað með fyrri óhagkvæmni. Sögulegan kostnað þarf því að leiðrétta miðað við núverandi kostnað til að endurspeglar þann kostnað sem leiðir af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis sem byggir á nýjasta og hagkvæmasta búnaði hverju sinni. Fjarskiptafyrirtæki, sem er bættur raunverulegur kostnaður sem stofnað var áður, hefur lítinn hvata til að auka hagkvæmni sína.

Síminn byggði upp talsímanet á undanförunum áratugum sem þegar mest var annaði um 1900 milljónum mínútna umferðar á árinu 2001, en magnið hefur minnkað ört og var um 500 milljónir mínútna á árinu 2008. Síminn metur um [...] af stofni fjárfestingu í talsímaneti sínu séu fjárfestingar frá árinu 2001 og fyrr. Því er ljóst að mikil umframafkastageta er í kerfi Símans með tilheyrandi fjárfestingar- og rekstrarkostnaði á árinu 2008. Fyrirtækið getur ekki vænst þess að fá þá umframfjárfestingu ásamt tilheyrandi kostnaði bættu í hærri verðlagningu í dag. Söguleg kostnaðargreining Símans endurspeglar í raun þá óhagkvæmni sem Síminn býr við í talsímaneti sínu og því ekki sá grundvöllur verðlagningar sem tryggir hagkvæmustu verð fyrir neytendur. Í þessu felst ekki gagnrýni á rekstur Símans, heldur sú staðreynd að ný tækni og þróun fjarskiptamarkaðarins á síðustu árum, s.s. farsíma- og netvæðing (ADSL, VoIP), hefur haft mikil áhrif á hegðun notenda og þar með á rekstrargrundvöll PSTN talsímanets Símans. Síminn á erfitt með að lækka fastan kostnað netsins á móti minnkandi umferð við slíkar aðstæður, sem veldur vaxandi óhagkvæmni.

Innleiðing á bottom-up LRIC líkani³⁷ er í samræmi við hugmyndir um að þróun kerfa fyrir fjarskiptafyrirtæki á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið endurspeglar þann búnað sem hentar miðað við núverandi stöðu á markaði frekar en þann búnað sem fyrir er og lítur framhjá eldri kostnaði.

Að öllu framangreindu virtu er það álit PFS að kostnaðargreining Símans geti ekki orðið grundvöllur ákvörðunar á heildsöluverðum í talsímaþjónustu Símans, þar sem niðurstaðan endurspeglar ekki áætlað verð sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Í ljósi framangreindra atriða er það mat PFS að nauðsynlegt sé að notast við kostnaðargreiningaraðferð sem er óháð rekstri Símans. Við greiningu á kostnaði í heildsölu fyrir talsímaþjónustu telur PFS rétt að gert sé kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC aðferðina til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti (*efficient network*) og hagkvæmt rekinni þjónustu (*efficient operator*) á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Um er að ræða bottom-up LRIC líkan og horft til væntrar

³⁷ The costing tool related to bottom-up models produces cost references coming from *costs elaborated through an engineering network model*, which is a *hypothetical mobile network*.

³⁷ Forward looking bottom-up LRIC model based on current costs.

framíðarþróunar (*forward looking*) á grundvelli núverandi kostnaðar (*current costs*), FL-LRIC³⁸, þar sem miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir (*efficient technologies*) sem eru í boði á gildistíma ákvörðunar að því marki sem þær eru þekktar, s.s. næstu kynslóðar net (NGN), í útreikningum á verðum.

Vegna þess hversu tímafrekt verkefni það er að innleiða FL-LRIC líkan og mikils kostnaðar er rétt að gera ráð fyrir að innleiðingin taki 3-4 ár. PFS hyggst því notað aðra aðferð, verðsamanburð (*benchmark*), þar til kostnaðargreining með FL-LRIC aðferð liggur fyrir, í samræmi við heimild stofnunarinnar í lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. PFS hyggst ákvarða verð fyrir Símann með samanburði við heildsöluverð í þeim löndum í Evrópu þar sem eftirlitsstofnanir (NRA) hafa eftirlit með gjaldskrá (*price control*) fyrir markaðsráðandi fyrirtæki (*incumbent*) á mörkuðum 8 og 9.

Framangreind afstaða PFS er í samræmi við tilmæli Evrópusambandsins (ESB) og álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Í álitu ESA frá 3. júlí 2006 vegna verðákvörðunar PFS á lúkningarverðum á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 16) með verðsamanburði kom fram það álit ESA að aðferð við verðákvörðun sem eftirlitsstofnanir eins og PFS skuli stuðla að viðvarandi samkeppni sem hámarki hag neytenda. Einnig kom fram að sú aðferð sem beitt væri við verðlagningu hverju sinni skyldi tryggja sem hagkvæmust lúkningarverð með hagsmuni neytenda í huga.

Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009; *COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU*. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla eiga að samræmingu. ESA hefur ekki enn gefið út sambærileg tilmæli.

Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um gjöld sem miða við kostnað fyrirtækis sem er rekið á hagkvæman hátt. Æskilegast sé að notast við kostnaðargreiningaraðferð sem er óháð viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Við greiningu á kostnaði við lúkningu er lagt til að notað sé FL-LRIC líkan. Bera má bottom-up módelið saman við top-down³⁹ módel til aðlögunar. Miða á við hagkvæmustu tæknilegu lausnir sem eru í boði á gildistíma ákvörðunar, sem þýðir að miða á við næstu kynslóðar net (NGN) í útreikningum á verðum fyrir talsímaþjónustu.

Ef eftirlitsstofnun metur það svo að ekki séu tók á því vegna smæðar eða skorts á fjármagni að innleiða FL-LRIC þá getur hún notað aðra aðferð, s.s. verðsamanburð (*benchmark*). Ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna þá má fresta innleiðingu FL-LRIC til 1. júlí 2014. Útkoma úr annarri aðferð en FL-LRIC ætti ekki að fara yfir meðaltal lúkningarverða ríkja sem nota FL-LRIC.

³⁹ The costing tool related to top-down accounting data produces cost references, which do correspond to direct references to *accounting records and asset registers*, and are based on *real existing mobile networks and historical/current data*.

Verðsamanburður

PFS hyggst því notað aðra aðferð, verðsamanburð (*benchmark*), í samræmi við heimild stofnunarinnar í 4. mgr., 32. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti⁴⁰ og kvaðir um eftirlit með gjaldskrá á mörkuðum 8, 9 og 10.

PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin (*efficient operator*), tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum. Við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum er mikilvægast að afmarka valið við þau lönd sem eru samanburðarhæf við Ísland. IRG⁴¹ er samstarfsvettvangur evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana þar sem öll lönd innan EES auk nokkurra annarra Evrópulanda taka þátt í mótun og samræmingu aðgerða á sviði fjarskipta. Um er að ræða alls 34 ríki að Íslandi meðtöldu. PFS telur eðlilegt að afmarka val sitt við lönd innan IRG sem hafa innleitt tilskipanir ESB um fjarskipti og greina fjarskiptamarkaði í samræmi við leiðbeiningar og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um markaðsgreiningu. Að mati PFS er að finna í þessum löndum sambærilega samkeppnismarkaði.

Flestar eftirlitsstofnanir innan samtaka evrópskra fjarskiptaftirlitsstofnana (IRG) hafa eftirlit með gjaldskrá (*price control*) markaðsráðandi fyrirtækis í hverju landi fyrir sig vegna upphafs- og lúkningarverða í talsímaþjónustu og eru verð oftast ákveðin á grundvelli kostnaðargreininga.

Eftirfarandi forsendur leggur PFS til grundvallar við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum fyrir verðsamanburð á upphafs- og lúkningarverðum talsímaþjónustu:

1. Miða skal við þau lönd þar sem upphafs- og lúkningarverð⁴² markaðsráðandi fyrirtækis (*incumbent*) í talsímaþjónustu lýtur gjaldskráeftirliti (*price control*) fjarskiptaftirlitsstofnunar (NRA) viðkomandi lands á grundvelli kostnaðargreiningar. Sama á við ef fjarskiptaftirlitsstofnun hefur ákvarðað að viðkomandi þjónusta tilheyri flutningsmarkaði⁴³ þar sem ríki virk samkeppni og gjaldskrárkvöðum verið aflétt af þeim sökum.
2. Kostnaðargreining skal gerð á grundvelli LRIC aðferðar og miðað við að gert sé kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti (*efficient network*) og hagkvæmt rekinni þjónustu (*efficient operator*) á talsíamarkaði. Um er að ræða bottom-up LRIC líkan⁴⁴ og horft er til væntrar framtíðarþróunar (*forward looking*) á grundvelli núverandi kostnaðar (*current costs*), þar sem miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir (*efficient technologies*) sem eru í boði á gildistíma ákvörðunar, s.s. næstu kynslóðar

⁴⁰ „Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskipta-fyrirtækisins.“

⁴¹ Independent Regulators Group.

⁴² Markaðir 8 og 9 eru nú markaðir 2 og 3, sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.

⁴³ Markaður 10 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 16. júní 2004.

⁴⁴ The costing tool related to bottom-up models produces cost references coming from *costs elaborated through an engineering network model*, which is a *hypothetical mobile network*.

net (NGN), FL-LRIC líkan⁴⁵. Heimilt er bera líkanið saman við top-down LRIC líkan til aðlögunar.

3. Miða skal við meðaltal þeirra þriggja landa sem uppfylla skilyrði sbr. tl. 1-2 hér að ofan og lægstu (best practice) upphafs- og lúkningarverðin eru hverju sinni.

Eins og að fram kemur í tölulíðum 1-3 hér að ofan hyggst PFS ákvarða upphafs- og lúkningarverð með samanburði við þrjú lægstu verð þar sem gjaldskrárefirlit er til staðar fyrir markaðsráðandi fyrirtæki eða viðkomandi þjónusta tilheyri flutningsmarkaði þar sem ríki virk samkeppni.

Framangreint byggist m.a. á því að samtengigjöld hafa farið lækkandi á undanförunum árum í helstu viðmiðunarlöndunum og fyrirsjáanlegt er að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Nú þegar liggja fyrir ákvarðanir um verðaðlögun (*glide path*) í ýmsum löndum á grundvelli kostnaðargreininga, auk þess sem ljóst er að innleiðing hreins (*pure*) LRIC líkana í samræmi við tilmæli ESB mun væntanlega leiða til verulegra lækkana á lúkningarverðum á næstu árum.

Eftirfarandi forsendur leggur PFS til grundvallar við framkvæmd á verðsamanburði fyrir talsímaþjónustu:

- PFS ber saman upphafs- og lúkningarverð fyrir skiptistöðvar (*single transit*). Á Íslandi er eitt svæði sem líkist helst „single transit“ þar sem ekki er boðið sérstaklega upp á ódýrara staðbundið svæði (*local*) eða á milli skiptistöðva (*double transit*).
- PFS byggir í samanburði á verðum miðað við 1. nóvember 2010⁴⁶. Borin eru saman verð miðað við 3ja mínútna símtal á dagtaxta (*peak*).
- Miðað er við meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í íslenskum krónum á fjórða ársfjórðungi ársins 2010⁴⁷. Er það gert vegna þess að byggt er á núverandi kostnaði (*current cost*) og hagkvæmustu tæknilegum lausnum (*efficient technologies*) í þeim verðútreikningum samkvæmt FL-LRIC aðferð sem lögð er til grundvallar í verðsamanburði PFS. Framangreint er einnig í samræmi við leiðbeiningar IRG um gengisviðmið í reglubundnum samantektum á lúkningarverðum.

⁴⁵ Forward looking bottom-up LRIC (LRAIC) model based on current costs.

⁴⁶ Heimild: Samtengiverðskrár fjarskiptafyrirtækja (RIO), Cullen International og IRG.

⁴⁷ Miðað er við daglegt miðgengi Seðlabanka Íslands og reiknað meðaltal tímabilsins 1/10 til 31/12 2010.

Yfirlit yfir samanburðarlönd⁴⁸

Samanburðarlönd	Aðferð	Grunnur	Líkan	Tengigjald kr./tenging	Dagtaxti kr./mín.
AT Austuríki	LRAIC	FL CC	BU (TD)	0,00	2,43
BE Belgía	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,68	1,12
UK Bretland	FDC	FL CC	-	0,00	0,69
BG Búlgaría	BM	-	-	0,00	0,86
DK Danmörk	LRAIC	FL CC	BU (TD)	0,55	0,82
EE Eistland	FDC	HC	-	0,51	1,11
FI Finnland	(FDC)	(CCA)	-	0,00	3,70
FR Frakkland (<i>Local</i>)	LRIC	CC	BU (TD)	n/a	n/a
GR Grikkland	LRAIC	FL CC	TD	0,00	1,09
NL Holland	LRIC	FL CC	BU pure	0,00	1,09
IE Írland	LRIC	FL CC	TD	1,29	0,65
IT Ítalía	FAC	CCA	-	0,00	0,88
HR Króatía	BM	-	-	0,00	1,42
CY Kýpur	LRIC	FL CC	TD	0,00	0,84
LV Lettland	FDC	HC	-	1,91	1,74
LT Litháen	LRIC	FL CC	BU (TD)	1,08	2,40
LU Lúxemborg	LRIC	FL CC	TD	0,52	1,31
MK Makedónía	LRIC	CC	TD	0,00	1,57
MT Malta (<i>Double</i>)	FDC	CC	-	n/a	n/a
NO Noregur	FDC	HC	-	1,05	0,74
PT Portúgal	FDC	FL CC	-	0,74	0,79
PL Póland	FDC	FL CC	-	0,00	1,26
RO Rúmenía	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,00	1,49
SK Slóvakía	LRAIC	FL CC	BU	0,00	1,77
SI Slóvenía	LRIC	FL CC	BU	0,00	1,05
ES Spánn	FDC	HC CC	-	0,00	1,03
CH Sviss	LRAIC	FL CC	BU (TD)	0,92	0,92
SE Svíþjóð	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,45	0,51
CZ Tékkland	LRIC	FL CC	BU	0,00	2,09
TR Tyrkland	LRIC	n/a	n/a	0,00	1,26
HU Ungverjaland	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,00	1,09
DE Þýskaland	LRAIC	FL CC	BU (TD)	0,00	1,37

⁴⁸ Yfirlit yfir verðgrundvöll og lúkningsarverð IRG landa fyrir skiptistöðvar (*single transit*) á dagtaxta (*peak*).

Í Frakklandi er eingöngu „*local*“ gjaldskrá undir gjaldskráreftirliti og á Möltu er eingöngu í boði „*double transit*“. Í Ungverjalandi eru 3 fyrirtæki útnefnd SMP, þar af eru 2 með „*single transit*“ og er miðað við meðaltal þeirra tveggja. Í Lettlandi eru upphafs- og flutningsverð ekki undir beinu gjaldskráreftirliti.

Í Danmörku hafa heildsöluverð talsímabjónustu TDC verið kostnaðargreind með FL-LRAIC aðferð, en frá 18. sept. 2008 hefur eingöngu „*local*“ verðskrá verið kostnaðargreind þar sem „*single transit*“ og „*double transit*“ tilheyrðu markaði 10, þar sem NITA komst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni ríkti og felldi niður gjaldskrárvöð frá framangreindum tíma.

Samanburður á upphafs- og lúkningarverðum⁴⁹

Röð	Land	3ja mín. símtal kr./mín.	Röð	Land	3ja mín. símtal kr./mín.
1	Svíþjóð	0,66	1	Svíþjóð	0,66
2	Bretland	0,69	2	Bretland	0,73
3	Kýpur	0,84	3	Kýpur	0,84
4	Búlgaría	0,86	4	Búlgaría	0,86
5	Ítalía	0,88	5	Ítalía	0,88
6	Danmörk	1,00	6	Danmörk	1,00
7	Portúgal	1,03	7	Portúgal	1,03
8	Spánn	1,03	8	Spánn	1,03
9	Slóvenía	1,05	9	Írland	1,04
10	Írland	1,08	10	Slóvenía	1,05
11	Noregur	1,08	11	Noregur	1,08
12	Ungverjaland	1,09	12	Ungverjaland	1,09
13	Grikkland	1,09	13	Grikkland	1,09
14	Holland	1,09	14	Holland	1,09
15	Sviss	1,23	15	Póland	1,26
16	Póland	1,26	16	Tyrkland	1,26
17	Tyrkland	1,26	17	Eistland	1,28
18	Eistland	1,28	18	Belgía	1,35
19	Belgía	1,35	19	Sviss	1,35
20	Þýskaland	1,37	20	Þýskaland	1,37
21	Króatía	1,42	21	Króatía	1,42
22	Lúxemborg	1,48	22	Lúxemborg	1,48
23	Rúmenía	1,49	23	Rúmenía	1,49
24	Makedónía	1,57	24	Makedónía	1,57
25	Slóvakía	1,77	25	Slóvakía	1,77
26	Tékkland	2,09	26	Tékkland	2,09
27	Lettland	2,38	27	Lettland	2,38
28	Austuríki	2,43	28	Austuríki	2,43
29	Litháen	2,76	29	Litháen	2,76
30	Finnland	3,70	30	Finnland	3,70

Svíþjóð, Danmörk og Slóvenía eru þau þrjú lönd sem uppfylla framangreind skilyrði í tl. 1-3 um viðmið fyrir rekstur sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin (*efficient operator*) á sambærilegum samkeppnismörkuðum. Markaðsráðandi fyrirtæki í viðkomandi löndum eru Telia3Sonera, TDC og Telekom Slovenije í sömu röð.

Á grundvelli framangreinds vals á samanburðarlöndum þá hyggst PFS ákvarða umflutningsverð Símans með samanburði umflutningsverða (*single transit*) markaðsráðandi fyrirtækja í Svíþjóð, Danmörku og Slóveníu.

⁴⁹ Samanburð á mínútuverðum IRG landa fyrir skiptistöðvar (*single transit*) m.v. 3ja mín. símtal á dagtaxta (*peak*).

Yfirlit yfir niðurstöður verðsamanburðar⁵⁰

Land	Fyrirtæki	Aðferð	Grunnur	Líkan	Lúkning kr./mín.	Upphaf kr./mín.	Flutningur kr./mín.
Svíþjóð	TeliaSonera	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,66	0,66	0,27
Danmörk	TDC	LRAIC	FL CC	BU (TD)	1,00	1,00	0,25
Slóvenía	Telekom Slovenije	LRIC	FL CC	BU	1,05	1,05	0,45
Meðaltal:					0,90	0,90	0,32
Ísland	Síminn				0,67	0,67	0,35
Hækkun:					34,3%	34,3%	-8,6%

Fyrirhuguð niðurstaða PFS er sú að upphafs- og lúkningarverð skuli hækka um 34,3% og verð fyrir umflutning um skiptistöð lækki um 8,6% frá núverandi verðskrá Símans.

Upphafs- og lúkningarverð Símans eftir hækkun verða þau 6. lægstu í stað 2. sætis áður, miðað við verð fyrir skiptistöðvar (*single transit*) í framangreindum 30 IRG löndum.

Þrátt fyrir framangreinda hækkun upphafs- og lúkningarverða eru verðin í samræmi við markmið PFS um að verð á fjarskiptaþjónustu sé almennt eins og best gerist meðal nágrannaþjóða okkar og verða mjög svipuð og meðalverð þriggja Norðurlanda, þ.e. Svíþjóðar, Danmörku og Noregs. Jafnframt eru verð Símans nálægt því meðalverði fyrir lúkningu (3ja mín. símtal) í öðrum talsímanetum á Íslandi í þeim tilfellum þar sem lúkningarverð hafa verið ákvörðuð án afskipta PFS.

PFS hyggst ákvarða innankerfisgjöld (*on-net*) Símans í hlutfallslegu samhengi við upphafs- og lúkningarverð og taka tillit til forsenda og niðurstöðu Símans þar um.

Með vísun í framangreint þá hyggst PFS ákvarða nýja verðskrá fyrir samtengingarþjónustu í talsímaneti Símans sem hér segir.

Fyrirhuguð verðskrá Símans

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Dagtaxti kr./mín.	KNH taxti kr./mín.
Innankerfis	[...]	[...]	[...]
Upphaf	0,91	0,59	0,35
Lúkning	0,91	0,59	0,35
Flutningur	0,14	0,28	0,14

Verðskrá fyrir lúkningu símaumferðar í flökkuþjónustu Símans og fyrir aðgang að internethringingu er sú sama og ofangreint lúkningarverð í talsímaneti Símans.

Jafnframt er Símanum heimilt að hækka heildsöluverð um 34,3% fyrir aðgang að gjaldfrjálsum númerum (800 númer) fyrir símaumferð frá fastaneti Símans (tl. 2.6), auk þjónustu vegna annarra þjónustunúmera sem tilgreind eru í tl. 2.10 í verðskrá fyrir samtengingarþjónustu Símans (Viðauki 1a), dags. 12. september 2010.

⁵⁰ Samanburðurinn miðast við verð fyrir eina mínútu miðað við 3ja mín. símtal á dagtaxta um skiptistöð (*single transit*).

Síminn skal tilkynna verðabreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara frá ákvörðunardegi í samræmi við ákvæði nr. 4.2.3 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta.

PFS hyggst árlega endurskoða framangreindan verðsamanburð þar til kostnaðargreind verð liggja fyrir sem byggjast á FL-LRIC aðferð. Ef niðurstöður hans leiða til breytinga á verðum Símans, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Símans breytast í samræmi við þá niðurstöðu.

Framangreind aðferð sem PFS beitir í verðlagningu er í samræmi við markmið tilmæla ESB um að útkoma annarrar aðferðar en FL-LRIC fari ekki yfir meðaltal lúkningarverða ríkja sem nota FL-LRIC aðferð á gildistíma ákvörðunar PFS.

Með vísun til töluliðar 5.4.⁵¹ í ákvörðun PFS nr. 29/2008 er Vodafone heimilt að hækka lúkningarverð í talsímaneti sínu um 34,3% frá núverandi verðum þegar fyrirhuguð hækkun Símans kemur til framkvæmda. Verð Vodafone munu breytast hlutfallslega með sama hætti og verð Símans, en frá 4. desember 2012 skulu verð Vodafone vera þau sömu og verð Símans í samræmi við ákvörðun PFS nr. 29/2008.

Um er að ræða hámarksverð og er félögunum því heimilt að bjóða lægri verð ef slíkt er í boði fyrir alla aðila (jafnræðiskvöð).

Gengismál

Þegar byggt er á núverandi kostnaði (*current cost*) og væntrar þróunar (*forward looking*) í hagkvæmstu tæknilegum lausnum (*efficient technologies*), FL-LRIC líkan, í þeim verðútreikningum sem lagðir eru til grundvallar í verðsamanburði, er það mat PFS að rétt sé að miða við núverandi gengi frekar en 5 ára meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils.

Hafa ber í huga við beitingu verðsamanburðar að gengi íslensku krónunnar hefur mjög mikil áhrif á niðurstöður slíks samanburðar. Raungengi íslensku krónunnar var nálægt sögulegu lágmarki á árinu 2010⁵², sem hefur samsvarandi áhrif á niðurstöðu PFS um verð Símans. Óstöðugleiki íslensku krónunnar undanfarin ár hefur valdið erfiðleikum við verðsamanburð og því er mikilvægt til lengri tíma litið að stöðugleiki ríki og raungengi endurspegli hlutfallslega þróun verðlags og launakostnaðar á hverjum tíma.



PFS áskilur sér rétt til að endurskoða forsendur gengisviðmiðs ef verulegt frávik frá núverandi gengi hefur myndast þegar árleg endurskoðun fer fram.“

⁵¹ Í 3. mgr., 5.4. t. segir: „Ef kostnaðargreining verður gerð síðar á verðum Símans og niðurstöður hennar leiða til breytinga á verðum Símans, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Og fjarskipta fylgja þeim breytingum.“

⁵² Heimild: Seðlabanki Íslands (1980 – 2010).

4.3 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans - Niðurstaða

Síminn sendi endurskoðaða kostnaðargreiningu til PFS þann 19. apríl sl. Síminn hafði í hinni nýju kostnaðargreiningu endurskoðað forsendur og útreikninga fyrri kostnaðargreiningar. Helstu niðurstöður Símans um einingarverð fyrir þjónustur í talsímaneti fyrirtækisins voru eftirfarandi.

Eftirfarandi tafla sýnir meðal einingarverð sem endurskoðað líkan Símans leiddi fram.

[...]

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu Símans yfir meðal einingarverð og sundurgreiningu þeirra eftir uppruna kostnaðar, þ.e. rekstri (*opex*) og fjárfestingu (*capex*).

[...]

Síminn umreiknaði meðaleiningarverð í dagtaxta (*peak*) annars vegar og kvöld-, nætur- og helgartaxta (*off-peak*) hins vegar. Sjá eftirfarandi töflu.

[...]

Eftirfarandi kom jafnramt fram í endurskoðaðri kostnaðaráætlun Símans:

„Breyting úr dag- og kvöldtaxta í einn meðaltaxta

Allt frá því heildsöluverð var skilgreint á talsímaþjónustu hefur mínútuverð verið verðlagt eftir því hvenær dags og á hvaða dögum það á sér stað. Þannig hefur dagtaxti verið skilgreindur á virkum dögum frá kl. 8:00 til kl. 19:00 símtölum á öðrum tímum hafa verið flokkuð á kvöld- og helgartaxta.

Rétt þykir að skoða hvort ástæða sé til að hætta ofangreindri skiptingu í heildsöluverðskránni og eingöngu verði um eitt meðalverð að ræða í endurskoðaðri verðskrá. Eins og vitað er hefur álag í talsímakerfinu minnkað verulega undanfarin ár m.a. í kjölfar þess að farsímakerfi hafa verið byggð upp sem og að stór hluti umferðar sem áður fór um talsímakerfið fer núna um Internetið með einum eða öðrum hætti. Ekki þykir því ástæða til þess að jafna álag á talsímakerfið með því að verðleggja umferð mismunandi eftir því hvenær sólarhringsins eða vikunnar hún fer fram. Breyting á verðskrá yfir í eitt verð mun einnig einfalda utanumhald og uppgjör og getur því leitt til hagræðingar þegar til lengri tíma er litið.

Ókosturinn við þessa breytingu er aðallega sá að hún mun leiða til þess að verð fyrir símtöl á kvöld- og helgartaxta hækkar hlutfallslega mikið en tæplega helmingur umferðar fer fram á þessum tíma. Rétt er þó að geta þess að þessi skipting er nær alveg horfin úr smásöluverðskrá fjarskiptafélaganna, breytingin ætti því ekki að þurfa að hafa áhrif á smásöluverðskrá.

Gjaldskrá

Miðað við ofangreindar forsendur verður ný verðskrá Símans fyrir samtengiþjónustu í talsímaneti sem hér segir.

[...]

Heildsöluverð fyrir 3ja mínútna símtal á dagtaxta hækkar þannig úr 0,67 kr. í 0,98 kr. eða um 47%.⁵³

Rétt er að vekja athygli á því að heildsöluverðskrá fyrir talsímaþjónustu hækkaði síðast í lok árs 2000. Frá miðju ári 2000 og fram á mitt ár 2008 hækkaði vísitala neysluverðs um 54,4% og um 82,4% frá miðju ári 2000 fram á mitt ár 2010.

Verðsamanburður

Ef niðurstaða PFS verður engu að síður sú að verðskrá fyrir ofangreinda markaði skuli taka mið að verðsamanburði leggur Síminn áherslu á að miðað verði við meðaltal a.m.k. fimm landa sem uppfylla þau skilyrði sem PFS hefur sett fyrir samanburði. Rökin fyrir því að valin séu a.m.k. fimm lönd eru fyrst og fremst þau að þannig má eyða út sértækum áhrifum sem eitt einstakt land getur haft á meðaltalið.

Með því móti telur Síminn að megi fá betra meðaltal og raunhæfari niðurstöðu við verðsamanburð (e. benchmark) en ef færri lönd væru valin til samanburðar.“

4.4 Afstaða PFS - Niðurstaða

PFS vísar til fyrri umfjölunnar stofnunarinnar sem fram kemur í boðunarbréfi stofnunarinnar um fyrirhugaða ákvörðun að öðru leyti en fram kemur í eftirfarandi niðurstöðu stofnunarinnar.

Í samræmi við kvaðir um eftirlit með gjaldskrá á mörkuðum 8, 9 og 10 tekur PFS mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. Einnig metur PFS út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og samanburð við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra er að styðjast við LRIC⁵⁴ aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin (*efficient operator*), tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum

⁵³ Meðalverð á mínútu miðað við 3ja mín. símtal. Upphafsgjald að viðbættu mínútuverði deilt á 3 mínútur.

⁵⁴ Long-run incremental costs; Langtíma viðbótarkostnaður: Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur. Önnur útfærsla af LRIC er langtíma meðaltals viðbótarkostnað (LRAIC) en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað.

Samkeppnismörkuðum eða notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Endurskoðuð kostnaðargreining Símans

Síminn hefur lagt fram endurskoðaða kostnaðargreiningu í framhaldi af boðunarbréfi PFS um fyrirhugaða ákvörðun. PFS samþykkir að leggja endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans til grundvallar við ákvörðun á heildsöluverðum fyrir talsímaþjónustu félagsins, enda hefur Síminn tekið tillit til sjónarmiða PFS sem fram komu í boðunarbréfi stofnunarinnar umfyrirhugaða ákvörðun í kjölfar yfirferðar stofnunarinnar á upphaflegu kostnaðargreiningu félagsins.

Niðurstaða í endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans er að heildsölutekjur talsímanets Símans þurfi að nema [...] millj. kr. miðað við endurskoðaðar forsendur ársins 2008. PFS vísar til umfjöllunar stofnunarinnar um einstaka þætti kostnaðargreiningar Símans í viðeigandi köflum hér að framan.

Síminn dreifir framangreindum kostnaði á einstakar þjónustur á grundvelli fjölda aðgerða (tengingar) og magni umferðar (mínútur) og reiknaði meðalkostnað þjónustueiningar, skipt í tengigjald og mínútugjald. Síminn reiknar með sama verði fyrir landið allt. Að lokum umreiknar Síminn framangreindan meðalkostnað á mínútu í dagtaxta og kvöld-, nætur- og helgataxta (KNH) í samræmi við vægi aðgerða og magni umferðar eftir tímum dags.

Ef framangreind verð eru borin saman við núverandi verðskrá fæst eftirfarandi niðurstaða fyrir helstu tegundir símtala í talsímaneti fyrirtækisins.

Breyting á verðskrár m.v. núverandi verð

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Dagtaxti kr./mín.	KVH taxti kr./mín.
Innankerfis	-	-	-
Upphaf	-9%	75%	77%
Lúkning	-9%	75%	77%
Umflutningur	127%	-37%	-33%

Ef borinn er saman mínútuverð miðað við 3ja mínútna símtal á dagtaxta miðað við núverandi verðskrá og niðurstöðu úr endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans þá fæst eftirfarandi niðurstaða um verð símtals.

Mínútuverð miðað við 3ja mín. símtal á dagtaxta, kr./mín.

Þjónusta	Núverandi gjaldskrá	Kostn.gr. Síminn	Hækkun %
Upphaf	0,67	0,98	46,3%
Lúkning	0,67	0,98	46,3%
Umflutingur	0,35	0,30	-14,3%

Niðurstaða kostnaðargreiningar Símans felur í sér hækkun á heildsölutekjum vegna upphafs og lúkningar í talsímaneti fyrirtækisins sem nemur um 46% á ársgrundvelli, en upphafleg kostnaðargreining leiddi fram niðurstöðu um 140% hækkun.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu Símans um helstu heildsöluverð fyrir símtöl í talsímaneti fyrirtækisins.

Niðurstaða Símans um heildsöluverðskrá fyrir talsímaþjónustu

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Dagtaxti kr./mín.	KNH taxti kr./mín.	Eitt verð kr./mín.
Innankerfis	[...]	[...]	[...]	[...]
Upphaf	0,62	0,77	0,46	0,63
Lúkning	0,62	0,77	0,46	0,63
Umflutningur	0,34	0,19	0,10	0,15

Verðsamanburður

PFS hefur gert verðsamanburð við niðurstöðu í endurskoðaðri kostnaðaráætlun Símans við fimm lægstu löndin í samanburðarhópi þrjátíu landa sem lýst er nánar hér að framan í kafla 4.2 um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar.

PFS fellst á tillögu Símans um að miða við meðaltal fimm landa sem uppfylla þau skilyrði sem PFS hefur sett fyrir samanburði eins og fram kemur í fyrirhugaðri ákvörðun PFS hér að framan. Helstu rök fyrir því að valin eru fimm lægstu löndin í stað þriggja af þrjátíu löndum eru þau að þannig má minnka sértæk áhrif sem eitt einstakt land getur haft á meðaltalið, auk sjónarmiða um meðalhóf. Það er jafnframt mat PFS að meðaltal fimm lægstu verða í úrtaki 30 landa í Evrópu sé innan þeirra marka sem eðlilegt er að miða við í verðsamanburði þar sem viðmiðunarverð byggjast á kostnaðargreindum verðum samkvæmt BU FL-LRAC aðferðarfræði. Hins vegar þarf að hafa í huga að heildsöluverð fyrir talsímaþjónustu sem byggja á FL-LRIC aðferðarfræði fara almennt lækkandi í Evrópu og að gengi íslensku krónunnar er nálægt sögulegu lágmarki.

PFS leggur eftirfarandi forsendur til grundvallar við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum fyrir verðsamanburð á upphafs- og lúkningarverðum talsímaþjónustu. Sjá nánari umfjöllun í fyrirhugaðri ákvörðun PFS.

1. Miða skal við þau lönd þar sem upphafs- og lúkningarverð⁵⁵ markaðsráðandi fyrirtækis (*incumbent*) í talsímaþjónustu lýtur gjaldskráeftirliti (*price control*) fjarskiptaeftirlitsstofnunar (NRA) viðkomandi lands á grundvelli kostnaðargreiningar. Sama á við ef fjarskiptaeftirlitsstofnun hefur ákvarðað að viðkomandi þjónusta tilheyri flutningsmarkaði⁵⁶ þar sem ríki virk samkeppni og gjaldskrárvöðum verið aflétt af þeim sökum.
2. Kostnaðargreining skal gerð á grundvelli LRIC aðferðar og miðað við að gert sé kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti (*efficient network*) og hagkvæmt rekinni þjónustu (*efficient operator*) á talsímaþjónustu. Um er að ræða bottom-up LRIC líkan⁵⁷ og horft er til væntrar framtíðarþróunar (*forward looking*) á grundvelli núverandi kostnaðar (*current costs*), þar sem miðað er við hagkvæmstu tæknilegu lausnir (*efficient technologies*) sem eru í boði á gildistíma ákvörðunar, s.s. næstu kynslóðar net (NGN), FL-LRIC líkan⁵⁸. Heimilt er bera líkanið saman við top-down LRIC líkan til aðlögunar.
3. Miða skal við meðaltal þeirra fimm landa sem uppfylla skilyrði sbr. tl. 1-2 hér að ofan og eru með lægstu upphafs- og lúkningarverðin hverju sinni.

⁵⁵ Markaðir 8 og 9 eru nú markaðir 2 og 3, sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.

⁵⁶ Markaður 10 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 16. júní 2004.

⁵⁷ The costing tool related to bottom-up models produces cost references coming from *costs elaborated through an engineering network model*, which is a *hypothetical mobile network*.

⁵⁸ Forward looking bottom-up LRIC (LRAIC) model based on current costs.

Pegar byggt er á núverandi kostnaði (*current cost*) og væntrar þróunar (*forward looking*) í hagkvæmustu tæknilegum lausnum (*efficient technologies*), FL-LRIC líkan, í þeim verðútreikningum sem lagðir eru til grundvallar í verðsamanburði, er það mat PFS að rétt sé að miða við gengi viðkomandi gjaldmiðils á þeim tíma sem notaður er til viðmiðunar, þ.e. á síðasta ársfjórðungi ársins 2010 í þessu tilfelli. Sjá nánari umfjöllun um gengismál í kafla 4.2.

*Yfirlit yfir niðurstöður verðsamanburðar*⁵⁹

Land	Fyrirtæki	Aðferð	Grunnur	Líkan	Lúkning kr./mín.	Upphaf kr./mín.
Svíþjóð	TeliaSonera	LRIC	FL CC	BU (TD)	0,66	0,66
Danmörk	TDC	LRAIC	FL CC	BU (TD)	1,00	1,00
Slóvenía	Telekom Slovenije	LRIC	FL CC	BU	1,05	1,05
Ungverjaland	Magyar Telekom	LRIC	FL CC	BU (TD)	1,09	1,09
Holland	KPN	LRIC	FL CC	BU pure	1,09	1,09
				Meðaltal:	0,98	0,98
Ísland	Síminn				0,67	0,67
				Hækkun:	46,3%	46,3%

Niðurstaða PFS í framangreindum samanburði á upphafs- og lúkningargjöldum er að kostnaðargreind verð Símans eru jöfn meðalverði fimm lægstu landa og því er ekki tilefni til þess að beita verðsamanburði í þessari verðákvörðun. Jafnframt eru verð Símans eftir hækkun þau 6. lægstu í framangreindum samanburði 30 landa.

Verðskrá

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er það niðurstaða PFS að samþykkja heildsöluverð Símans samkvæmt endurskoðaðri kostnaðargreiningu félagsins.

Upphafs- og lúkningarverð á mínútu miðað við þriggja mínútna símtal á dagtaxta hækka um 46,3% og mínútuverð fyrir umflutning um skiptistöð lækki um 14,3% frá núverandi verðskrá Símans m.v. þriggja mínútu símtal. Upphafs- og lúkningarverð á kvöld-, nætur- og helgartaxta (KNH) hækka hins vegar um 37% og í heild hækkar mínútuverð miðað við þriggja mínútu símtal um rúmlega 40%. PFS samþykkir jafnframt innankerfisgjöld (*on-net*) Símans í samræmi við kostnaðargreiningu félagsins, en tæplega helmingur talsímaumferðar er á KNH taxa.

Upphafs- og lúkningarverð Símans eftir hækkun verða þau 6. lægstu í stað 2. sætis í dag, miðað við verð fyrir skiptistöðvar (*single transit*) í framangreindum 30 IRG löndum.

Þrátt fyrir framangreinda hækkun upphafs- og lúkningarverða eru verðin í samræmi við markmið PFS um að verð á fjarskiptaþjónustu sé almennt eins og best gerist í Evrópu⁶⁰ og meðal Norðurlanda. Jafnframt eru verð Símans nálægt því meðalverði fyrir lúkningu (3ja mín.

⁵⁹ Samanburðurinn miðast við verð fyrir eina mínútu miðað við 3ja mín. símtal á dagtaxta um skiptistöð (*single transit*).

⁶⁰ Miðað við að verðum sé skipt í fjóra flokka þar sem A flokkur er sá fjórðungur sem er lægstur, þá séu verð á Íslandi í A flokki (lægstu 7-8 löndin).

símtal) í öðrum talsímanetum á Íslandi í þeim tilfellum þar sem lúkningarverð hafa verið ákvörðuð án afskipta PFS.

PFS telur rétt að afnema skiptingu mínútuverða í dagtaxta annars vegar og kvöld-, nætur- og helgartaxta (KNH) hins vegar. Þess í stað komi eitt mínútuverð sem reiknað hefur verið í samræmi við vegið meðaltal umferðar í kerfi Símans og mun sú breyting ein og sér ekki valda breytingu á tekjum á heildsölustigi. Framangreint er í samræmi við almenna þróun og verðlagningu á smásölumarkaði. Sama gildir einnig um mínútuverð á farsímamarkaði.

Með vísun í framangreint þá hyggst PFS ákvarða nýja verðskrá fyrir samtengingarþjónustu í talsímaneti Símans sem hér segir.

Ný heildsöluverðskrá Símans fyrir talsímaþjónustu

Þjónusta	Tengigjald kr./símtal	Verð kr./mín.
Upphaf	0,62	0,63
Lúkning	0,62	0,63
Umflutningur	0,34	0,15

Verðskrá fyrir lúkningu símaumferðar í flökkuþjónustu Símans og fyrir aðgang að internet hringingu er sú sama og ofangreint lúkningarverð í talsímaneti Símans.

Jafnframt er Símanum heimilt að hækka heildsöluverð um 46,3% fyrir aðgang að gjaldfrjálsum númerum (800 númer) fyrir símaumferð frá fastaneti Símans (tl. 2.6), auk þjónustu vegna annarra þjónustunúmera sem tilgreind eru í tl. 2.10 í verðskrá fyrir samtengingarþjónustu Símans (Viðauki 1a), dags. 12. september 2010.

Síminn skal tilkynna verðabreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara frá ákvörðunardegi í samræmi við ákvæði nr. 4.2.3 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta.

Síminn skal árlega endurskoða framangreinda kostnaðargreiningu þar til kostnaðargreind verð liggja fyrir sem byggjast á FL-LRIC aðferð. Ef niðurstöður leiða til breytinga á verðum Símans, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Símans breytast til samræmis. PFS mun bera niðurstöðu kostnaðargreiningar Símans hverju sinni við verð í öðrum löndum Evrópu. Miða skal við að upphafs- og lúkingarverð Símans fari ekki yfir meðaltal fimm lægstu lúkningarverða ríkja sem nota FL-LRIC aðferð á gildistíma ákvörðunar PFS.

Með vísun til töluliðar 5.4.⁶¹ í ákvörðun PFS nr. 29/2008 er Vodafone heimilt að hækka lúkningarverð í talsímaneti sínu um 46,3% frá núverandi verðum þegar fyrirhuguð hækkun Símans kemur til framkvæmda. Verð Vodafone munu breytast hlutfallslega með sama hætti og verð Símans, en frá 4. desember 2012 skulu verð Vodafone vera þau sömu og verð Símans í samræmi við ákvörðun PFS nr. 29/2008.

⁶¹ Í 3. mgr., 5.4. tl. segir: „Ef kostnaðargreining verður gerð síðar á verðum Símans og niðurstöður hennar leiða til breytinga á verðum Símans, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Og fjarskipta fylgja þeim breytingum.“

Um er að ræða hámarksverð og er félögunum því heimilt að bjóða lægri verð ef slíkt er í boði fyrir alla aðila (jafnræðiskvöð).

Smásöluverð

PFS leggur áherslu á að Síminn hafi hliðsjón afefitirfarandi samhengi hækkunnar á heildsöluverðum og smásöluverðum í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á sl. árum. Upphaf- og mínútuverð í smásölu hækkuðu um tæplega 93%⁶² á tímabilinu 2001 til 2010. Neysluverðsvísitala hækkaði á sama tímabili um 71%⁶³ og er því hækkun smásöluverða því töluvert umfram verðalag á tímabilinu.

Á sama tíma hefur heildsöluverðskrá Símans fyrir upphaf, lúkningu og umflutning haldist óbreytt⁶⁴. Hvað varðar dæmi um önnur heildsöluverð sem hafa áhrif á framangreinda smásöluþjónustu Símans þá hækkaði lúkningarverð Vodafone um 40% frá árinu 2001 til ársins 2010. Því hefur hlutdeild framangreindra heildsöluþátta í smásöluverðum vegna tenginga og umferðar í talsímaneti Símans lækkað verulega á sl. 10 árum, en þessir þættir vega þungt í verðmyndun smásöluverða Símans. Jafnframt hefur fast mánaðargjald í „Grunnaskrift“ hækkað um 106% á árabílinu 2001 til 2010. Á sama tíma hækkaði heimtaugaleiga einungis um 22%. Hækkun annarra kostnaðarþátta í smásölu hefur því hækkað langt umfram verðlagsþróun á framangreindu tímabili.

Eftir þá rúmlega 46% hækkun heildsöluverða vegna upphafs og lúkningar sem PFS samþykkir í grundvelli endurskoðaðrar kostnaðargreiningar Símans er hlutdeild heildsöluverða af smásöluverðum enn töluvert lægri en hún var á árinu 2001 vegna framangreindra verðhækkana sem orðið hafa á smásöluverðum frá þeim tíma. Því er að álitamál að mati PFS hvort tilefni sé til hækkunar á smásöluverðskrá Símans af þessum sökum. Frekar að um sé að ræða leiðréttingu á verðmyndun milli heilsölu og smásölu Símans. Sama gildir væntanlega um smásöluverð Vodafone.

Stofnunin hyggst fylgjast náið með þróun smásöluverða í framhaldi af ákvörðun sinni. Ef þróun verður áfram sú að lítil fylgni sé á milli þróunar heildsölu- og smásöluverða á líftíma þeirrar markaðsgreiningar sem kvöð um gjaldskráreftirlit byggir á, telur PFS einsýnt að stofnunin þurfi að beita smásölukvöðum til að tryggja eðlilega verðlagningu á milli heildsölu og smásölu, sbr. 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga⁶⁵.

⁶² Miðað er við „Grunnaskrift“ Símans. 3ja mín. símtal og samsetningu símtala milli dag (peak) og KNH (off-peak) skv. greiningu AM. Ekki hefur verið lagt mat á breytingar vegna tímamælinga og tilboða.

⁶³ Hækkun vísitölu miðað við meðalvísitölu áráanna 2001 og 2010 skv. Hagstofu Íslands.

⁶⁴ Heildsöluverðskrá Símans hækkað síðast um 23% í lok árs 2000 í framhaldi af niðurstöðu Nordic Interconnection Benchmarking Study árið 1999.

⁶⁵ Í 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga segir: „Telji Póst- og fjarskiptastofnun í kjölfar markaðsgreiningar skv. 17. gr. að heildsöluþjónu eða ráðstafanir varðandi forval og fast forval muni ekki skila tilætluðum árangri við að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu er stofnuninni heimilt að leggja smásöluþjónu á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.“ Þá kemur fram í ákvæðinu að slíkar kvaðir geta m.a. falist í að setja þak á smásöluverð, banni við mismunun milli notenda og banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu í einn heildarpakka (*bundling*) skaði það samkeppni.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf., dags. 19. apríl 2011, á heildsölumörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari. Einingarverð skulu vera eins fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja heildsöluverðskrá Símans hf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. ágúst 2011, enda tilkynni félagið um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara, sbr. 4. kafla viðmiðunartilboðs félagsins um samtengingu talsímaneta, dags. 12. september 2010.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 27. maí 2011.

Björn Geirsson, f.h. forstjóra.

Óskar Þórðarson.

Viðauki I

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 15/2011

Eftirfarandi einingarverð skulu koma fram í Viðauka 1a í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Lúkning símaumferðar (e. termination) frá neti viðsemjanda til fastanets Símans (tl. 2.1)

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Fastanet lúkning	0,63 kr./mínútu	0,62 kr./tengingu

Lúkning símaumferðar (e. termination) frá neti viðsemjanda til flökkupjónustu Símans (tl. 2.3)

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Flökkupjónusta lúkning	0,63 kr./mínútu	0,62 kr./tengingu

Umflutningur símaumferðar (e. transit) í gegnum net Símans milli nets viðsemjanda og annarra neta innanlands (tl. 2.4)

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Umflutningur	0,15 kr./mínútu	0,34 kr./tengingu

Upphaf símaumferðar (e. origination) í fastaneti Símans sem lýkur í öðru fjarskiptaneti

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Fastanet upphaf	0,63 kr./mínútu	0,62 kr./tengingu

Annað:

Aðgangur að gjaldfrjálsum þjónustunúmerum, 800-númer (tl. 2.6)

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Aðgangur að 800 númeri	0,63 kr./mínútu	0,62 kr./tengingu

Internettengingar (tl. 2.9)

Verðskrá fyrir aðgang að internet innhringingu er sú sama og lúkning símaumferðar í fastaneti Símans (sjá tl. 2.1).

Önnur þjónustunúmer (tl. 2.10)

Aðgangur er veittur samkvæmt eftirfarandi verðskrá:

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
118 Upplýsingar um innlend símanúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
1818 Upplýsingar um innlend símanúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
809 0118 Upplýsingar um innlend símanúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
1811 Upplýsingar um erlend símanúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
112 Neyðarnúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
1411, 1422 Tal- og faxhólf	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
1700-1899 Ýmis símanúmer	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu
1446 Ritsíminn	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu

Viðsemjandi greiðir þjónustugjöld beint til upplýsingaveitu fyrir upplýsingar um símanúmer og áframtingingu. Vegna áframtingingar eru innheimt lúkningargjöld sem Síminn þarf að standa skil á gagnvart öðrum viðsemjendum ásamt 5% álagi vegna innheimtukostnaðar.

Forval - Aðgangstenging frá notanda í fastaneti Símans til nets viðsemjanda (tl. 4.1)

Tegund þjónustu	Mínútutaxti	Tengigjald
Aðgangstenging	0,63 kr/mínútu	0,62 kr/tengingu